Eptir þat for Hrolfr or landi oc heriadi lengi sidan um Vestrlavnd oc rvddi ser til risis i Vallandi. oc sotti þangat fioldi Norðmanna oc byggði þar er sidan er callat Norðmanni. Fra Gaungvholfr ero comnir Rvðviarlar sva sem aðr er sagt. þeir frændr tauldv lengi sidan frënnsemi við Noregs hofðingia. oc virðv þat mikils. voro þeir enir mestu vinir Norðmanna alla stund. oc attv með þeim friðland allir Norðmenn þeir er þat villdv þecciaz. Vm haustit com Olafur konungr i Norðmanni oc dvalþiz þar um vetrinn i Signo oc hafði þar friðland.

#### Fra Einari þambascelfi.

27. Eptir fall Olafs Tryggva sonar gaf Eiricr iarll grið Einari þambascelfi syni Einriða Styrkars sonar. Einarr var þa .xviii. vetra. hann for með iarlinom norðr i Noreg. Sva er sagt at Einarr hafi verit allra manna stercastr. oc beztr bogmaðr er verit hafi i Noregi. oc var harðsceyti hans um fram alla menn aðra. hann scaut með baccakolfi i gognum oxahvð hrablauta. er hecc a asi einom. sciðferr var hann hveriom manni betr. enn mesti var hann iðrottamaðr oc hreystimaðr. hann var ettstorr oc avðigr. Eiricr iarl oc Sveinn iarl gipto Einari systur sina Berglioto Haconar dottur. hon var enn mestli scaurvngur. Einriði het son þeirra. Jarlar gafv Einari veizlvr storar i Orcadal. oc gørðiz hann ricastr oc gaufgastr i þrøndalugum. oc var hann iorlonom enn mesti styrer oc astvin.

#### Fra Eiriki iarli.

28. Þa er Eiricr iarll hafði raðit fyr Noregi .xii. vetr. kom til hans orðsending Knvz Dana konungs mags hans. sv at Eiricr scyldi fara með honom vestr til Englanz með her. þvi at Eiricr var fręgr mioc af hernaði sinom oc af þvi at hann hafði borit sigr oc orðstir or þeim .ii. orrostum er snarpastar hofðv verit a Norðrlondum. aunnvr sv er þeir Hacon iarll oc Eiricr baurðvz við Jomsvikinga. en sv avnnor er Eiricr bardiz við Olaf Tryggva son. þess getr þorðr Kolbeins son i Eirics drapv.

Enn hefc leyfð þar er lofða  
lofkenda fra ec sendo  
at hialmsomom hilmi  
hiarls drotna boð iarli.

at skylligast scylldi  
scil ec hvat gramr lez vilia  
endr at asta fundi  
Eiricr coma þeirra.

Jarlinn villdi eigi undir haufuð leggiar orðsendingina. oc setti eptir i Noregi lanz at geta Hacon son sinn. oc fecc hann i hond Einari þambascelfi magi sinom at hann scyldi hafa landrað fire Haconi. þvi at hann var þa eigi ellri en .xvii. vetra. En Sveinn hafði þa hulft

land við Hacon iarll. Eiricr com a England til fundar við Knut. oc var með honom þa er Knvtr vann Lundvnborg. þar felldi hann Ulfkell snilling. Sva segir þorðr.

Gullkennir let gunni  
gredis hest fyr vestan  
þundr va leyfðr til lenda  
Lundv(n) saman bundit.

fecc regnþorins recca  
raun of þingamonno(m)  
vglig haug þar er eggia  
Ulfkell bla sculfv.

Eiricr iarll var a Englandi einn vetr oc atti noccorar orrostur. En annat haust eptir etlaði hann til Rumferðar. þa andaðiz hann af blóðlati þar á Englandi. Knvtr konungr atti margar orrostur a Englandi við sono Aþalraðs konungs. oc haufðv ymsir betr. hann com þat sumar til Englanz sem Aþalraðr konungr andaðiz. þa fecc Knvtr konungr Emmo drotningar. Voro bornn þeirra Haralldr. Haurþaknvtr. Gvnnhilldr. Knvtr konungr settiz við Jatmund konung. scyldi halft England hafa hvarr þeirra. A sama manaði drap Heiðreccr striona Jatmund konung. Eptir þat rac Knvtr konungr af Englandi alla sono Aþalraðs konungs. Sva segir Sigvatr.

Oc senn sono  
slo hvernn oc þo

Aþalraðs eþa  
ut flæmði Knvtr.

þat sumar komo synir Aþalraðs konungs af Englandi til Rvðv i Val-land til moðorbrøðra sinna er Olafr com vestan or vikinginni. oc voro þeir allir þann vetr i Norðmanndi. oc bundo lag sitt saman með þeim scildaga at Olafr scýllði hafa Norðimbraland ef þeir eignaðiz England af Daunom. þa sendi Olafr konungr um haustit Hrana fostra sinn til Englanz. at essaz þar at liði. oc sendv synir Aðalraðs hann með iartegnom til vina sinna oc frennda. en Olafr konungr fecc honom lausafe mikit at spenia lið undir þa oc var Hrani um vetrinn i Englandi. oc fec trvnat margra. oc var lanzmonnom betr vilial at hafa samlenda konunga yfir ser. en þo var þa orðin(n) sva mikill styrer Dana i Englandi. at allt landfolc var þa undir brotit riki þeirra.

(Orrosta Olafs konungs).

29. Vm varit foro þeir vestan allir saman Olafr konungr oc synir Aðalraðs konungs oc como til Englanz þar er heitir Jungufurða. gengv þar a land upp með liði sino oc til borgar. þar varu fyrir margir þeir menn er þeim haufðv liði heitit. þeir unno borgina en drapu mart manna. En er við urðv varir Knvz konungs menn. þa drogv þeir her saman oc urðv bratt fiolmennir. sva at synir Aþalraðs haufðv ecki liðsiolda við. oc sa þann sinn cost hellzt at hallda a brot oc apr

vestr til Rvðv. þa scildiz Olafur við þa oc villdi eigi fara til Vallanz. hann sigldi norðr með Englandi allt til Norðimbranz. hann lagði at i hofn þeirri er callað er Fyr valde oc bardiz þar við bæirmenn oc caupmenn. oc fecc þar sigr oc fe mikil. Her let hann eptir langscipin en bio þaðan knorro .ii. oc hafði hann þa .xx. menn oc .c. albryn-iuðra. oc var þetta lið valit mioc. hann sigldi norðr i haf um haustið. oc fengu ofuiðri mikil i hafu sva at mannhætt var. enn með því at þeir haufðv liðscost goðan oc hamingio konungs. þa lyddi sva sem Ottarr scald qvað:

Valfasta biostr vestan  
veðr aurr tva knorro  
hætt hafu þer i otta  
oppt scioldvnga þopti.

neði stravmr ef steði  
strangr kaupscipom angra  
innanborz um unnir  
erringar lið verra.

Oc enn segir hann sva.

Eigi hrøddvz egi  
ér forvt sia storan  
allvalldr of getr alldar  
engi nýtri drengi.

opt var fars en forsi  
flaust hratt af ser brottum  
neytt aðr Noreg heittvð  
niðivngr Harallz miðian.

Her segir þat at Olafur konungr com utan at miðiom Noregi. Ey su heitir Sela er þeir toco land ut fra Staði. þa mælti konungr. let þat myndo vera timadag er þeir hoðv lent við Selv i Noregi. oc kvað þat vera myndv goða vitnescio er sva hafði at borit. þa gengu þeir upp a eyna. steig konungr avðrom fæti þar sem yar leira nockor en steypðiz auðrom fæti a kne. þa mælti hann. Fell ec nv. þa svarar Hrani. Eigi felltu konungr. nv festir þu fætr<sup>1</sup> i Noregi. Konungr hlo at oc mælti. Verða ma sva ef guð vill at sva gøriz. Ganga þa ofan til scipa. oc siglldv svðr til Ulfasunda. þar spurðv þeir þat til Haconar iarls. at hann var svðr i Sogni. oc var hans þa van norðr þegar er byr gefi. oc hafði hann þar eitt scip.

#### Fra Olavi Tryggva syni.

30. En þa er Olafur Tryggva son reð Noregi. þa boðaði hann cristni þar i landi. oc var þat torsott i morgum stoðum. hann vann þat til styrcs ser oc framkvemðar um siðinn at hann gipti Astriði systor sina Erlingi Scialgs syni af Japri. En fyr því at henne þotti ser litilrepi i því at giptaz honom utignum manne. þa gaf konungr Erlingi halfar landscyldir við sec oc at helmingi allar konungs tekior við sec milli Liðendisnes oc Sogns. Erlingr vildi eigi iarl heita.

<sup>1</sup>) r. f. fætr



en hann hafði meira ríki en scattkonungar flestir. Olaf Tryggva son gípti aðra systur sína Jngibiorgv Raugnvaldi iarlí Vlfis syni. hann reð lengi síðan fyrir vestra Gautlandi. Vlfir faðir Raugnvallz var broðir Sigríðar ennar storráðv móður Olafs Svía konungs. Eftir fall Olafs Tryggva sonar þá er þeir Eirícr oc Sveinn reðv landi. þá atti Eirícr eina þrídívng lanzens oscerðan. oc annan þrídívng hlaut Sveinn Dana konungr. oc hafði hann mestan lut Vikrinnar. en Eirícr iarlí suman hans lut at veizlum. Olaf enn sönsci Svía konungr hlaut einn þrídívng lanz. þat voro .iiii. fylki í þrandheimi. Sparbyggva fylki. Verdöla fylki. Scaun. Stíordöla fylki. a Méri hvarritveggio. Raumsdal. oc austr Rauríki við lanzennda. Sveinn iarlí Haconar son atti Holmfriði dottur Eirícs Svía konungs systur Olafs sönscá. oc hellt hann landino af hendi Svía konungs. oc reð fyrir því ollo. Eirícr iarlí let ser ecki líca at Erlíngur Scíalgs son hefði ríci sva mikit. oc toc hann undir seo allar konungs eigur þær er Olaf konungr hafði veitt Erlíngi. En Erlíngur toc íafnt sem aðr lanzscýlldir allt um Rogaland. oc gulldv lanzbuar opt tvennar lanzscýlldir. en at auðrom costi eyddi hann byggðina. Litit fec iarlí af saceyri. því at ecci helldvz þar systlumenninir. oc því at eins for iarlenn þar at veizlum. ef hann hafði mikit fiolmenni. þess getr Sigvatr.

Erlíngur var sva at iarla  
att er scíolldvngur mattið  
Olafs magr sva at egði  
aldygs sonar Tryggva.

ngst gaf sína systur  
snarr byðegna harri  
vlfis var þat aðra  
alldr gípta Rognvaldi.

Eirícr iarl orti fyrir því ecki a at beriaz við Erlíng. at hann var frennstorr oc frendmargr vinsþell oc rícr. sat hann íafnan með fiolmenni sva sem þar veri konungs hírd. Erlíngur var opt a sunrom í hernaði oc fece ser fiar. því at hann hellt tecnom hetti um rausn oc stormenzco. þott hann hefði þá minni veizlor oc vhallkveinri en um daga Olafs konungs mags síns. Erlíngur var manna fríðastr oc mestr oc enn stercasti vígr hveríom manne betr. oc um allar íþrottir lícastr Olafi Tryggva syni. hann var vítr maðr. capsamr um alla lute. enn mesti hermaðr. þess getr Sigvatr scald.

Erlíngi var engi  
annarr lenndra manna  
orr sa er atti fleire  
orrostor stoðþorrinn.

þrec bar seggr við socner  
sínu því at fyrst gek innan  
mílldr í marga hílldi  
mest en orr a lesti.

þat hefir verit íafnan mal manna at Erlíngur hafi verit gaufgastr allra lenndra manna í Noregi. þatv varu baurna Erlíngs oc Astríðar Aslacr. Scíalgr. Sigurðr. Loþinn. þorir. Ragnílldr er atti þorbergr Arna son.

Erlingr hafði iafnan með ser .ix. togo frelsingia eða fleire. oc var þat heði vetr oc sumar at þar var maldryccia at daugurþar bordi. en at natverþi var omellt drvccit. En þa er iarlar varu ngr. þa hafði hann .cc. manna eða fleira. Alldri for hann famennari en með tvi-togsesso alsclipaða. Erlingr atti sceið micla .xxxii. at rvmatali. oc þo mikil at þvi. hana hafði hann i vicing eða i stefnvleipangr. oc varu þar á .cc. manna eða meirr.

#### Fra Erlingi.

31. Erlingr hafði iafnan heima .xxx. þręla. oc umfram annat man. hann etlaði þrelom sinom dags verc. en gaf þeim stundir sipan oc lof til at hverr er ser villdi vinna um rœkr eþa um ngr. hann gaf þeim acrland at sa ser corni. oc lęra avoxttinn til fiar ser. hann lagði a hvernn þeirra verþ oc lausn. leysto margir sec til fręlsis en fyrsto misseri eða avnnvr. En allir þeir er nockorr þrifnoðr var ifir leysto sec a þrim vetrom. Með þvi se keypti Erlingr ser annat man. en leysingiom sinom visaði hann sumom i silldfiski. en sumom til annarra fefanga. Sumir rvddv markir oc gerdv ser boi. aullum com hann til nackvars þrosca.

#### Fra þvi er Olafr konungr toc Hacon iarl.

32. Olafr konungr hellt inn af leið er hann com suðr um Fialir. oc sneiri inn til Saudvngs sunda. oc lavgpuz þar. la sinom megin sunnzens hvart scipit. oc haufðv meðal sin kaðal digran. A þeirri somo stundu rœri at svndino Hacon iarl Eirics son með sceið scipaðri. oc hvgðv þeir vera i svndino kaupscip .ii. Roa þeir i sundit fram milli scipanna. Nv draga þeir Olafr konungr strengina upp undir miðian kiol sceiðinni. oc undv með vindasvm þegar er nackvat festi sceiðina. gecc upp apr en fram steypði. sva at sior fell inn um sauxin. fylldi sceipina oc nest hvelsði. Olafr konungr toc þar af sundi Hacon iarl oc alla þa hans menn er þeir handtaca. en sumir haufðv tynz fire grioti oc scotum. en sumir suckv. Sva segir Ottarr.

Blagioda toctu brędir  
bengialfrs oc þa sialfa  
scatti gngędr með screyttv  
sceið Hlaconar reidi.

vngr sottir þv þrottar  
þings magrennir hingat  
mattið iarll þav er attvð  
atlavnd fyr þvi standa.

Jarl var upp leiddr a konungs scipit. var hann allra manna venstr er menn hesði set. hafði har mikit oc fagrt sem silki. bundit um haufuð ser gullhlaði. settiz hann i fyrirrumit. þa męlti Olafr konungr.

Eigi er þat logit af yðr frændum hversv friðir menn þer erot sionom. en farnir erot þer nv at hamingio. Þa svarar Hacon. Ecki er þetta vhamingia er oss hefir hent. hefir þat lengi verit at ymsir hafa sigraðir verit. Sva hefir oc faret með oss varum fregdum oc yðrom at ymsir hafa betr haft. ec em litið cominn af barnns alldri. oc vorom ver nv ecki vel viðr comner at veria oss. vissom ver nv ecki van til vfridar. kann vera at oss takiz annat sinn betr til en nv. Þa svarar Olaf konungr. Grunar þec ecki þat iarll at her hafi nv sva til boret at þu moner heðan i fra hvarki fa sigr ne usigr. Jarll segir. Þer monod nv rada konungr at sinni. Þa spurði Olaf konungr. Hvat villtv til vinna iarll at ec lata þec fara a braut hvert er þu vill heilan oc usakaðan. Jarll spyr hvers hann beiðiz. Konungr svarar. Enskis annars en þer farit or landi oc gefit sva upp rici yðart. oc sverit þess eiða at þer halldit eigi orrostu i gegnn mer heðan i fra. Jarll svarar letz þat monv. Nv vinnr Hacon iarll eiða Olafi konungi at hann scal alldri sidan beriaz i moti honom. oc eigi veria Noreg með ufridi fyr Olafi konungi ne sekia hann. Þa gefr Olaf konungr honom grið oc ollom monnom hans. Toc iarll við scipinv þvi er hann hafði haft. roa nv i brot leið sina. Þessa getr Sigvatr scald.

Ricr kvæð ser at sokia  
sandungs konungr nauðir  
fremþar giarnn i fornv  
svnd Haconar svndi.

strangr hitti þar þengill  
þann iarll er varð annarr  
setr oc gtt gat bezta  
vagr a dansca tungo.

Eptir þat þyr iarlinn ferð sina sem sciotast or lande. oc siglir vestr til Englanz. hitti þar Knut konung modorbrodor sinn. Segir honom þa allt hvernig faret hefir um viðscipti þeirra Olafs. Knutr toc við honom forcunnar vel. setr hann Hacon iarll innan hirðar með ser. gefr honom mikit valld i sino rici. Dvelz Hacon þar nv langa hrip með Knuti konungi. Þa er Sveinn oc Hacon reðv Noregi gærðv þeir sætt við Erling Scialgs son. oc var bundin með þvi at Aslacr son Erlings fec Gunnhilldar dottur Sveins iarls. scylldv þeir feðgar Erlingr oc Aslacr hafa veitzlor allar þær er Olaf Tryggva son hafði fengit Erlingi. gerðiz Erlingr þa fullcominn vin iarlanna. oc byndo þeir þat með swardogum sin i milli.

Fra þvi er Olaf com til Sigurðar syr.

33. Olaf konungr enn digri snyz nv austr með landi. oc atti víða þing við bændr. oc ganga margir til handa honom. en sumir þeir er voro frendst eða vinir Sveins iarls mela i moti. Ferr Olaf

fire því scyndiliga austr til Vior. oc helldr lífi sino inn i Vikina oc setr upp scip sin. sekir nv a land upp. En er hann comr a Vestfold þa fognodv honom þar vel margir menn þeir sem verit hofðv cunnmenn eþa vinir saudor þans. Þar var oc mikil gæterni hans um Földina. Hann for um hausit a land upp a fund Sigurðar konungs mags sins. oc com þar snimma einhvernu dag. En er Olafur konungr com ngr þenom. þa liopv fire þionostosveinar konungs til þoarins. oc como inn i stofu. Asta moðir Olafs konungs sat þar inni. oc conor margar með henne. þa saugðv sveinarnir henne um ferðir konungsens. oc sva at hans var þangat þa bratt van. Asta stendr upp þegar oc heitr a karla oc konor at buaz um þar sem bezt. Hon let .iiii. konor taca þunat stofunnar oc bua sciott með tiolldum oc um becci. tveir karlar þaro haln a golfit .ii. settv trapizona oc scapkerit .ii. se(t)tv bo(r)ðin .ii. settv vistina. .ii. sendi hon i brot af þenom .ii. þaro inn aulit. æn aðrir allir beði conor oc karlar gengu ut i garðinn. Sendimenn foro þar til er var Sigurðr konungr. oc hau(t)ðv með ser tignarkleði hans. oc hest hans með gylltum saudli. oc bitvllinn var settr smelltum steinvm<sup>1</sup> oc gylltr .iiii. menn sendi hon flogurra vegna i bygðina. oc bauð til sin aulv stormenni oc goðmenni at þiggia veizlv er hon gærði fagnaðarol syni sinom. Alla menn er fire varu let hon taca enn bezta þunat er til attv. en þeim fecc hon goð kleði er eigi attv sialfir.

#### Fra Sigurði syr.

34. Sigurðr konungr syr var þa staddr uti a acri er sendimenn comv til hans. oc saugðv honom þessi tipindi. oc sva þat allt er Asta let at hafaz heima a þenom. hann hafði þar margæ menn. sumir scaro kornn. en sumir bundo. sumir oko heim kornino. sumir hloðo i hialma eða hlavðvr. en hann oc .ii. menn með honom gengu stundum a acrin. stundum þar er hlaðit var cornino. sva er sagt um þunat hans at hann hafði kyrtil blán oc blar hoscr hafa scva oc byvndna at legg. gra kapv. þautt gran viðan oc urll um andlit. staf i hendi. oc a ofan silfrholcr gylltr oc silfrhringr i. sva er sagt fra lunderni Sigurðar konungs. at hann var syslumaðr mikill. oc þunaðarmaðr um fe sitt oc by. oc reð sialfr þunaði. engi var hann scarzmaðr oc helldr famalugr. hann var allra manna vitrastr þeirra er þa varv i Noregi. oc auðgastr at lausafe. hann var friðsamr oc vagiarinn. Asta kona hans var riclundut oc aur. þessi voro þaurinn þeirra. Guthormr var ellztr. þa Gvnnhilldr. þa Halfdan. þa Jngiriðr. þa Haralldr. þa mæltu sendi-

<sup>1</sup>) r. f. oc steinv

menn. þau orð bað Asta at vit scyldim bera þer. at nv þotti hennæ almiclo mali scipta at þer tækiz stormannliga. oc bað þess at þu scylldir nu meirr liciaz i gtt Harallz ens harfagra um scaplyndi en Hrana mionef moðorfaður þinum eþa Nęreið iarli enom gamla. þott þeir hafi verit spekingar miclir. Konungr svarar. Tiðindi mikil segit er. enda berit er allacastiga. latit hefir Asta nikit isir þeim monnom fyrr er henni var minni scyllda við. oc se ec at sama scaplyndi man hon hafa enn. oc tær hon þetta með miclom acafa. ef hon sęr sva ut leitt son sinn at þat er með þvilicri stormenzco sem nv leiþir hon hann inn. en sva liz mer ef þat skal vera. at þeir er sic veðsetia i þetta mal .mvno hvartki fire sia se sino eða fiorvi. þessi maðr Olafr bryz i moti miclo ofresli. oc a honom oc hans raðum liggir reiði beði Dana konungs oc Svia konungs ef hann helldr þesso fram. En þa settiz Sigurðr konungr niðr. oc let taca af ser scokleði. oc dro a sotr ser kordvna hosor. oc batt með gylltom sporum. þa toc hann af ser capuna oc kyrtilinn. oc cleddiz siðan með pellzcleðvm. oc ytzt scarlazcapv. gyrði sic með buno sverði. setti hialm gullroðinn a haufuð ser. steig þa a hest sinn. hann gerði vercmenn i bygðina. oc tœ ser .xxx. manna vel buinna er riðv heim með honom. þa or hann reið upp i garðinn fire stofuna. þa sa hann at auðrum megin i garðinom brvnaði fram merkit. oc þar með reið Olafr konungr oc með honom .c. manna. oc allir vel bunir. þa var oc scipat monnom allt milli husanna. Fagnaði Sigurðr konungr þegar af hesti Olafi konungi stiupsyni sinom oc liði hans. oc bauð inn til dryckio með ser. en Asta gek til oc kysti son sinn. oc bauð honom með ser at dveliaz. oc allt heimillt laund oc lið er hon mętti veita honom. Olafr konungr þaccaði henne vel orð sin. hon toc i hond honom oc leiddi hann i stofuna. oc til hasętis. Sigurðr konungr fecc menn til at taca cleðnat þeirra. oc gefa cornn hestum þeirra. En hann gek til hasętis sins. oc var sv veitzla gor með eno mesta cappi.

#### Fra raðagerð Olafs oc Sigurðar.

35. Enn er Olafr konungr hafði þar eigi lengi dvalz. þa var þat einhvernn dag at hann heunti til tals við sic oc a malstefno Sigurð konung mag sinn oc Asto moðor sina oc Hrana fostra sinn. þa toc Olafr til mals. Sva er sagði hann sem yðr er kunnict. at ec em kominn hingat til lanz. oc verit aðr langa hrið utan lanz. hefi ec oc minir menn haft alla þessa stund þat eino oss til framflutningar er ver hofum sotti i hern(a)ði. oc i morgum stoðum orðit til at hętta beði

lífi oc salo. hefir margr maðr fyrir oss sa er saclauss var orðit at lata sumir feit oc sumir fiorit með. en yfir þeim eignom sitia utlendir menn er atti minn faðir oc hans faðir. oc hverr eptir annan varra frænda. oc em ec oðalborinn til. oc lata þeir ser þat eigi einlitt. helldr hafa þeir undir sic tekit eigur allra var frænda. er at langfeðga tali erom comner fra Haralldi enom harfagra. miðla þeir sumum litið af. en sumum með ollo ecki. Nu scal þat upp luca fyr yðr er mer hefir mioc lengi i scapi buit at ec etla at heimta fauðurarinn. oc man ec hvartki fara a fund Dana konungs ne Svía konungs at biðia þa neinna mvna um. þott þeir hafi nu um hrið callat sina eigu þat er var arfr Harallz ens harfagra. Etla ec helldr yðr sat til at segia at sokia oddi oc eggio frendleifð mina. oc costa þar at allra frenda minna oc vina. oc allra þeirra er at því raði vilia hverfa með mer. Scal ec oc sva þetta upp hafia tilkallit at annathvart scal vera at ec scal eignaz riki þat allt til forraða er þeir [felldv fra Olaf Tryggva son frenda minn.<sup>1</sup> eða ec scal her falla a frændleifð minni. Nv venti ec um þec Sigurðr magr eða aþra þa menn i landino er oþalbornir ero her til konungdoms at laugum þeim er setti Haralldr enn harfagri. þa man yðr eigi sva mikilla mvna avant at þer mvnet vpp hefiaz oc rekaz af hondom frenda-scomm þessa at eigi moneð er alla yðra mvne til leggja við þann er fyrirgangsmaðr vill verða at hafia upp-gelt vara. en hvart er þer vilit lysa manndom neckvernn um þenna lut. þa veit ec scaplyndi alþyð-vnnar at til þess veri ollom titt at komaz undan þrelkan utlendra hosðingia þegar er travst bera til. hefi ec fire þa soc þetta mal boreit fyr engan mann fyrr en þic. at ec veit at þu ert vitr maðr oc cant forsia til þess hvernoc reisa scal fra upphafi þessa raðagørð. hvart þat scal røða af hlioði fire nockorom monnom eða scal þat bera þegar i siolmæli fyr alþyðv. Hefi ec nv nackvat roðit tavnn á þeim er ec toc hondvm Hacon iarll. oc er hann or landi stockinn. oc gaf hann mer með swardogum þann luta rikis er hann atti aðr. Nv etla ec at oss man lettara falla at eiga vm við Svein iarll einn saman helldr en þa at þeir veri baþir til landvarnar. Sigurðr svarar. Eigi byr þer lilit i scapi. oc er þessi etlan meirr af cappi en forsia at því sem ec virþi. enda er þess ván at langt myne i milli vera livilmenzco minnar oc ahvga þess ens micla er þv mant nv hafa. því at þa er þu vart litt af barns alldri comenn vartv þegar fullr af cappi oc uiafnaði i ollo því er þv mattir. ertu nv oc reyndr mioc i orrostum oc samit þic eptir siðvenio utlendra hosðingia. Nv veit ec at sva fremi mantv þetta hafa upp kveðit er ecki man nv tioa at letia þec. er oc varkvnn

<sup>1)</sup> [saal. rettet; fellv fra Olaf T. s. frendi Cod.

a at slicir lvtir liggi i miclo rvmi þeim er nockorir ero capsmenn. er aull ett Harallz ens harfagra oc konungdomr fellr niðr. en i ongunum heitom vil ec binndaz fyrr en ec veit etlan eþa tiltekio annarra Upplendinga konunga. en vel hefir þu þat gort er þv lezt mic fyrr vita þessa etlan en þu berir þat i hameli fyr alþýðv. heita vil ec þer umsyslv minni við konunga oc sva við aþra hofþingia eþa lanzfolkit. sva scal þer oc heimillt at hafa fe mitt til styros þer. en sva fremi vil ec at ver berim þetta fyr alþýðo. er ec se at nockor framkvæmð eþa styrer sez þer til þessa storreðis. fyr þvi at sva scaltv til etla at miðit er i fang tekiz ef þv vill cappi deila við Olaf Svía konung oc við Knut er nu er beði konungr i Englandi oc i Danmorc. oc man rammar scorþur við at reisa ef hlyða scal. en ecki þycci mer ulicleot at þer verði gott til liðs. þvi at alþýðan er giornn til nyiungarinnar. for sva fyrr þa er Olaf Tryggva son com til rikis. at allir urðv þvi segnir oc naut hann þo eigi lengi konungdomsens. þa toc Asta til orða. Sva er mer gefit son minn at ec em þer fegin orþin. oc þvi fegnsvt ef þinn þrosi metti mestr verþa. vil ec til þess engi lut spara þann er ec a kosti. en her er litt til raðastoda. at sia er ec em. En helldr villða ec þott þvi veri at scipta. at þv yrðir yfirkonungr i Noregi þott þv lifðir eigi lengr i konungdominom en Olaf Tryggva son heldr en hitt at þv verir eigi meire konungr en Sigurðr syr oc yrðir ellidauðr. þa slitv þau malstefnvna. dvalþiz Olaf þar um hrið með ollo liði sino. Sigurðr konungr veitti þeim annanhvernn dag at borðhalldi fisca oc miolk. en annanhverna slatr oc mvngat.

#### Fra Upplendinga konungum.

36. þa voro Uplendinga konungar margir þeir er fylkiom reðv oc voro þeir flestir comnir af ett Harallz ens harfagra. Fire Heiðmorc reðu .ii. brøðr Hrørecr oc Hringr. en i Guðbranzdaulum Guðræþr konungr. Var oc a Raumarici einn sa er hafði þótn oc Haðaland. A Valldresi var oc konungr. Sigurðr syr atti stefnolag við fylkiskonunga uppi a Haðalandi. oc var a þeirri stefno Olaf Harallz son. þa bar Sigurðr upp fyr konunga raðastofnon Olafs mags sins oc biðr þa styrþar beði at liði oc raðom oc samþyckis. telr upp hver nauðsyn þeim er á at rekað af hondvm þat undirbrot er Danir oc Sviar hafa þa undir lagt. segir at nv man til verða sa maðr er fire man ganga i þesso raði. telr þa upp morg snilldarverc þav er Olaf hafði gort i ferþum sinum. þa svarar Hrørecr. Sat(1) er þat at mioc er niðr fallit riki Harallz ens harfagra er engi hans gttmanna er yfirkonungr i

Noregi. Nu hafa menn ymist við freistat her i landi. var Hacon Aþalsteins fostri konungr. oc undo allir þvi vel. en er Gvnnhildar synir reðv fyrir. þa varð aullum sva leitt þeirra ofrici oc viafnaðr. at villdv helldr hafa utlenda konunga yfir ser oc vera sialfraðir. þvi at utlendir hafþingiar voro þeim iafnan fiarri oc vavndvþv litt siðv manna. havfðo slican scatt af landi sem þeir scilþv ser. En er þeir urþv osattir Haralldr Dana konungr oc Hacon iarll. þa herioðv Jomsvikingar i Noreg. en þa reis i móti þeim allr mugr oc margmenni. oc hratt þeim ufríði af ser. eggioþv menn þa til þess Hacon iarll at hallda landi fire Dana konungi oc veria oddi oc eggio. En er hann þottiz fulkominn til rikis af styrc lanzmanna. þa gerþiz hann sva harðr oc frecr við landzfolkit. at menn þolþv honom (eigi). oc drapv þrændir sialfir hann. en hofu þa til rikis Olaf Tryggva son. er oþalborenn var til konungdoms oc fyr allra luta sacir. vel til hofþingia fallinn. g(e)ystiz at þvi allr lanzmvgr at vilia hann hafa at konungi ifir ser. oc reisa þa upp af nyio þat riki er eignaz hafði Haralldr enn harfagri. En er Olaf þottiz fullcomenn i rikit. þa var fyr honom engi maðr sialfraði. gecc hann við fræcv at við oss smakonunga at heimta vndir sec þer scyldir allar er Haralldr enn harfagri hafði her tekit. oc enn sumt frecara. en at siðr varu menn sialfraða fire honom at engi reð a hvern guð trva scyldi. En er hann var fra landi tekinn. þa hofum ver nu halldit vinattv við Dana konung. oc hofum ver af honom traust mikit haft um alla luti þa er ver þurftum at krefia. en sialfredi oc hoglifi innan lanz oc ecki ofriki. Nv er þat at segia fra mino scaplyndi at ec uni vel við sva buit. veit ec eigi þat þott minn frendi se konungr ifir landi. hvart batna scal við þat minn rettr nackvat. en ella man ec engi lut i eiga i þessarri rapagorð. þa mælti Hringr broðir hans. Birta man ec mitt scaplyndi. betra þycki mer þott ec hafa et sama riki oc eignir at minn frendi se konungr yfir Noregi helldr en utlendir konungar. oc metti enn var ett upp hefiar her i landi. er þat mitt hvghoð um þenna mann Olaf at auðna hans oc hamingia myni raða hvart hann scyli riki fa eða eigi. En ef hann verðr einvallskonungr ifir Noregi. þa man sa þyccia betr hafa er stærri luti a til at telia við hann vin hans vinattv. Nv hefir hann i ongan stað meira costi en einnhverr varr. en þvi minna at ver hofum nockor lond oc rici til forraða en hann hefir allz engi. erom ver oc eigi siðr en hann oþalborner til konungdoms. Nv viliom ver geraz sva nielir liðsinnismenn hans at vnna honom ennar øzto tignar her i landi oc fylgia þar at með ollom varvin styrc. hvi myne hann oss eigi vel lavna oc lengi muna með goðo. ef hann er sva mikill manndomsmaðr sem ec



hygg oc allir calla. Nu monom ver a þa hetto leggja ef ec scal raða at binda við hann vinatto. Eptir þat stoð upp annarr at auðrom oc talafi. oc kom þar niðr at þess varu flestir fusare at binda felagscap við Olaf. hann het þeim sinni vinatto fullkominni oc rettar bot ef hann yrði einvallskonungr. binda þeir þa(t) með swardogom sin i milli.

#### Fra Olafi konungi oc Upplendinga konungum.

37. Eptir þat stefndv þeir konungarnir þing. þa bar Olafr upp fyr aldyðv þessa raðagerð oc þat tilkall er hann hefir þar til rikis. biðr þa buendr ser viðtoco til konungs ifir landi. heitr þeim þar i mot lavgom fornom oc því at veria land fire utlendvm her oc haufð- ingiom. talar um þat langt oc sniallt. Fek hann goðan roin at mali sino. Þa stoðo upp konungar oc taulvðv annarr at avðrom oc fluttu allir þetta mal oc eyrindi fire lyðnom. Var þat þa at lycðvm at Olafi var gefit konungs nafn ifir landi ollo. oc dømt honom land at upp- lenzcum laugum. þa hof Olafr þegar ferð sina. oc let bioða upp veitzlor þar sem konungs hv varu. for hann fyrst um Haðaland. oc þa sotti hann norðr i Guðbranzdala. for þa sva sem Sigurðr syr hafði getit at lið dreif til hans sva mart at hann þottiz þat eigi halft þurfa. oc hafði hann þo ngr .ccc. manna. þa enndvz honom ecki veizlvrnar sem a kveðit var. því at þat hafði verit siðvenia at kon- ungar foro þa um Upplond með .lx. manna eða .lxx. en alldri meirr en hundrað manna. For konungr þa sciott ifir oc var eina nott i sama stað. en er hann com norðr til fiallz. þa byriadi hann ferð sina norðr um fiall.

#### Fra því er Sigvatr scald com til konungs.

38. Þorðr Sigvallda scald var með Olafi konungi þa er hann var i hernaði. Sigvatr het son Þorðar hann var at fostri með Þorcalli at Apavatni. en er Sigvatr com i Noreg a fund Olafs konungs. oc bauð at sora honom kveði. konungr sagði at hann vill ecki lyþa kveþi hans. oc hann vill ecki lata yrkia um sec. Sigvatr kvað.

Hlyð minom brag meþir  
myrcblas því at kanc yrkia  
altiginn mattv eiga  
eitt scald drasils tialda.

þott aullvngis allra  
allvalldr lofan scalda  
þer sę ec broðrs at hvarv  
hlit annarra nitit.

Olafr konungr gaf Sigvati at bragarlaunum gullhring er stoð halfa morc. Sigvatr gerðiz hirðmaðr Olafs konungs. hann kvað.

Ec toc lyster ne ec lasta  
leyfð ið er þat síðan  
socnar niðr við sverþi  
sa er minn vili þino.

þollr sektv hværl hollan  
haufum raðit vel baþir  
latra en ec lanardrottin  
lins bloþa mer goðan.

Sigvatr com af Jslandi oc til Olafs konungs. hann kvað.

Gerbønn mon ec gunnar  
gamteitondvm heita  
aþr þagum ver egis  
eild ef nv bið ec fellða.

landaúra veittv luro  
laðþverrandi af knerri  
enn of fanga augi  
ec hefð sialfr krafit halfa.

Olaf konungr com ofan lípi sino i Uppdal. oc for sva ofan til Ork-  
aðals. hann atti þing við bændr oc beiddi at þeir scyldo við honom  
taca. let þa fram bera vitni þau er ngr haufðv verit. þa er Hacon iarll  
hafði Olaf latit hafa með svardaugum þann luta lanz er hann atti oc  
fyr hafði haft oc att Eiric iarll. þat voro .iiii. fylki i þrandheimi.  
Orcdøla fylki. Gauldøla fylki. Strinda fylki. Eyna fylki. margir menn  
veittv honom þar goðar viðtocor en sumir mglto i moti sumir flyðv  
undan. Sveinn iarll var þa inn i þrandheimi at Steinkerom. oc let  
þar bua til iolaveizlo. þar var kaupstaðr. Einarr þambascelfir þa er  
hann spuaði til ferða Olafs konungs for hann upp i Gaulardal með  
huscarla sina. hann sendi menn inn til Níþaross let taca roðrarscvto  
er hann atti. foro þeir síþan inn eptir firði oc komo einn dag síðarla  
inn til Steinkera. oc baro niosn Sveini iarli um ferþir Olafs konungs.  
Jarlinn atti langscip er flaut tialdat fyr þenom. let hann þegar um  
kveldit flytia a scip lausafe sitt oc kleðnað manna. dryc oc vist sva  
sem scipit toc við. rorv ut þegar um nottina oc comv i lysing vt i  
Scarsvnd. Olaf konungr hafði rapit ser til scipa i Orcadal. toc þar  
bvanda for. oc hafði .v. scip. hellt þegar inn eptir firði. þa sneri  
iarlinn at landi inn fra Masarvic. þar var þycer scogr. laugþv þeir  
sva ner bergino. at lauf oc limar toc(o) ut iðr scipit. þa hioggv þeir  
stor tre oc settv allt a utborða i sę ofan. sva at ecki sa scipit fyrir  
laufino. var oc eigi alllost orðit þa er konungr reri inn um þa. loqn  
var veðrs. reri konungr inn um eyna. en er syn fal i milli þa reri  
iarlinn ut a fiord oc allt ut a Frostu lagði þar at landi. þar var hans  
riki. Sveinn iarll sendi menn ut i Gavlardal eptir Einari þambascelfi  
magi sinom. enn er Einarr com til iarls. þa segir iarll honom allt um  
scipti þeirra Olafs. oc sva þat at hann vill liði samna oc fara a fund  
Olafs oc beriaz við hann. Einarr svarar sva. Ver scolum fara rað-  
u(m) með. hallða til niosn hvat Olafr etlaz fire. latum hann þat eitt til  
var spyria at ver sem kyrrir. kann þa vera ef hann spyrr engi lið-

sannat varn at hann setiz inn at Steinkrom um iolin því at þar er ný vel fire buit. Einn ef hann spyr at ver hofum liðsannat þa man hann stefna þegar ut or firði. oc hofum ver hans þa ecki. Sva var gort sem Einarr villdi. for iarll a veizlor til hvanda upp i Stioradal. Olafur konungr þa er hann com inn til Steinkera. toc hann upp alla veizlona oc let bera a scip sin. oc aflaþi til byrþinga oc hafði með ser beði vist oc drycc. oc bioz braut sem scyndiligast oc hellt ut allt til Niðaross. þar hafði Olafur Tryggva son latit efna til kaupstaðar oc hysa konungsgarð. en aðr var þar einbøli i Niðarnesi. En er Eiric iarll com til landz þa efði hann at Hlaudvm þar sem saþir hans hafði haufuðbø<sup>1</sup> sinn latit vera. en hann ræði ecki hus þau er Olafur hafði gera latit við Nið. varv þau þar niðr fallin sum. en sum stodv oc þo helldr vbyggilig. Olafur konungr hellt scipom sinom upp i Nið. let þar þegar buaz um i þeim husum er uppi stodv. en reisa upp þav er spr voro fallin oc hafði þar at fiolþa mannz. let þa oc flytia upp i hysin beði dryckinn oc vistina. oc ellaþi þar at sjtia um iolin. En er þat spyr Sveinn iarll oc Einarr þa samna þeir liþi. oc fara ut til Gaulardals et ofra oc stefna ut til Niðaross. oc haufðv ngr .xx. hundruð manna. Menn Olafs konungs voro ut a Gavlarasi. oc helldv hestvord. þeir urðv varir við er herrinn for utan um Gaulardal. oc baro þa konungi niosn um miðnætti. Stod konungr upp þegar oc let vekia liðit. Gengv þeir þegar a scip. oc baro ut avll kledi sin oc vapn. oc þat er þeir fengv við komiz. rerv þa ut or anni. com þa iafsciott iarlsins lið til bœiarins. loco þeir þar þa iolavistina alla. oc brendo hysin oll. For Olafur konungr ut eptir firði til Orcadals. oc gek þar af scipom. for þa ut eptir dalnom allt til fiallz oc austr ifir fiall til Dala. Fra þesso er sagt er Sveinn iarll breundi bœinn i Niðarosi i flocki þeim er ortr er um Kløng Bruna son. var hann þa með Sveini iarli.

Brvno allvallz inni  
elldr hygg ec at sal felldi

einr scaut a her hrimi  
halfgr vid Nið sialfa.

Olafur konungr for þa suðr eptir Guðbranzdaulum oc þaðan ut a Heiðmorc. for allt at veizlum.

#### Fra Olafi konungi.

39. Olafur konungr samnar her saman er a leið vetrinn. hann hafði þa mikit lið af Heiðmorc er konungar fngv honom. foro þaðan lendir menn margir oc rikir bøndr. J þeirri ferð var Ketill af Hringunesi. Olafur hafði oc lið af Raumariki. Sigurðr syr magr hans com

<sup>1</sup>) r. f. haupuðbø

til liðs með honum með micla sveit manna. sækja þeir þá ut til sývar oc raða ser til scipa oc buaz innan or Vikinni. oc höfðv fritt lið oc mikit. Sveinn iarll samnar liði allt um þrandheim þegar eptir iolin byðr ut leiðangri. byr oc scip sin. J þenna tima var i Noregi siöldi lendra manna. varv þeir margir rikir oc sva ętstorir. at þeir varv comnir af konunga ettom eða iarla. oc attv scamt til at telia. voro oc storausđgir. var þar allt traust þeirra konunga eða iarla þeirra er fire landi ređo er lendir menn voro. því at sva var i hverio fylki sem lendir menn ređi fyr hvanda mugnom. Vel var Sveinn iarll ving- ađr við lenda menn. varð honum gott til liðs. Einarr þambascelfir magr hans var með honum. oc margir ađrer lendir menn. þeir foro þegar ut or firđinom þa er þeir varv bunir. oc helldv suđr með landi. oc drogo at ser lið or hverio fylci. en er þeir komo svđr fyrir Rogaland. þa com til moz við þa Erlingr Scialgs<sup>1</sup> son oc hafði mikit lið oc með honum margir lendir menn. helldv þa ollo liđino austr til Vicr. þat var er a leið langafostv er Sveinn iarll sotti inn i Vikina. hann hellt liði sino inn um Gre(n)mar. oc lagþiz við Grenmar. þa hellt Olafr liði sino innan eptir Vikinni. var þa scamt milli þeirra. oc visso hvarir til annarra. Olafr konungr hafði þat scip er Karllhau(ŕ)ði het. þar var a framstafni scorit konungs haufvð. hann sialfr hafði þat scorit. þat haufvð var lengi siðan haft i Noregi. þat var laugardaginn fyr þalmunnvdag er þeir laguz sva nęr með heriinn.

#### Nesia orrosta.

40. Sunnv dags morgininn þegar er lysti stoð Olafr konungr upp oc kleddiz. gek a land upp. let þa blasa ollo liđino til landgongv. þa atti hann tal við þa. oc sagði alþyðv at hann hefir þa spurt at scamt man vera milli þeirra Sveins iarls. scolo ver nv segir hann við hvaz því at scamt man vera til svndar vars. vapniz menn nv oc bui hverr sic oc sitt rum þar er ađr er skipat. sva at allir sem þa bunir er ec let blasa til brautlavgunnar. rovni siþan samfast. fari engir fyrr en allr ferr flotinn. dveliz oc ęngir þa eptir er ec rø or hofninni. því at eigi megvum ver vita hvart ver monum iarlinn hitta þar er nv liggr hann. eða mono þeir sekia moti oss. en ef fund varnn berr saman oc takiz orrosta. þa heimti varir menn saman scip sin oc se bunir við at tengia. hlifum oss fyrst oc getum vapna varra. at ver berim eigi a sę eða kastim a glę. En er festiz orrostan oc scipin hafa saman bvnndiz. gęrom þa sem harðasta hriðna. oc dvgi hverr sem mann-

<sup>1</sup>) r. f. Sciags

ligast. Olafur konungur hafði a sino scipi .c. manna. oc hauffu þeir allir hringabrynior oc valsa hialma. flestir hans menn haufðv hvita scioldv. oc lagðr á enn helgi cross með gulli. en sumir dregnir ravðum steini eða blam. cross let hann draga i enni a ollom hialmum með bleikio. hann hafði hvitt merki þat var ormr. þa let konungur syngva ser típir. gek síþan a scip sitt. oc bað menn snęða oc drecka nackvat. Síþan let hann blasa herblastr oc leggja ut or hafninni. rerv þa síþan at leita iarls. en er þeir rerv fyrir haufnina þar er iarlinn hafði legit. þa var iarls lið vapnat. oc etluðv þa at roa ut or hafninni. En er þeir sa lið konungsins. þa toco þeir at tengja scipin oc settv upp merkin oc bioggvz við. En er Olafur konungur sa þat þa gre(i)ða þeir atroðrinn. lagði konungrinn at iarls scipino. toc þar þa orrosta. Sva segir Sigvatr.

Vritti soen þar er sotti  
sicligr fírom miela  
blóð fell rautt a roða  
rein i hofa at Sveini.

sniallr helld at þar er olli,  
eirlaus konungur þeirra  
en Sveina liðar synom  
saman hvanduz scip fundi.

Sigvatr scald var með Olafi konungi þar i orrostv. Hann orti þegar um sumarit eptir orrostv flocc þann er Nesia visor ero callaðar. oc segir þar vandliga fra þessum atburðum. þar segir oc sva.

þat erom kunt hve kennir  
Karlhaufða let iarli

odda frostz fyr austan  
Agðer ngr of lagðan.

Orrosta varð en snarpasta. oc var þat langa hrið er ecki (matti) yfir sia hvarnig hniga myndi. fell þa mart af hvarvmtveggjom. oc fioldi var sarr. Sva segir Sigvatr.

Varat sigmana Sveini  
sverþa gnya at fryia  
gióða ne górrar hriðar  
gunnreifum Oleið

þvi at kvistingar costo  
coma herr i stað verra  
attv sinn þar er sottomz  
seggir hvarirtveggio.

Jarlinn hafði meira lið. en konungrinn hafði einvala lið a sino scipi þat er hanom hafði fylgt i hernaði oc buit sva forkunnliga sem fyrr var sagt. at hverr maðr hafði hringabrynio. urðo þeir ecki sarir. Sva segir Sigvatr.

Teitr sa ee ocr i itrv  
allvallz liði falla  
gørdiz harðr um herðar  
hiordynr svalar brynior

en min at flug fleina  
falsc und hialm enn valsa  
ocr vissak sva sessi  
svort scor við her giorva.

En er lið toc at falla a scipom iarls en svmt var sarr. oc þyntisc þa sciponin a borþonom. þa reðv menn Olafs konungs til uppga(vng)-

vnnar. var þa merkit uppborit a þat scip er nest la scipi iarlins. En konungr sialfr fylgði fram merkino. Sva segir Sigvatr.

Staug oð gyllt þar er gengum  
gavndlar sercs vnd merkiom  
gnys með gausgum rəsi  
greipendr i scip reiðir.

þegi vas sem þessom  
þengils a io strengiar  
mið fyr malma kveðio  
mør heidþegum þeri.

þa varð snorp orrosta. oc fellv mioc Sveins menn sumir. en sumir hliopu þa fire bo(r)ð. Sva segir Sigvatr.

Ver drifum hvatt en þeyra  
hatt vapna brac cnatti  
raund klufu roðnir<sup>1</sup> brandar  
reiðir upp i sceiðar.

en fyrir borð þar er baurðumc  
bvin fenguz scip gengv  
nár flaut aurt við eyri  
ofar buendr sarir.

oc enn þetta.

Aullð vann ossa scioldv  
avðsæt var þat ravða  
hliom þa er hvitir komo  
hringmiðlundum þingat.

þar hycc engan gram gavngv  
gvnsylg en ver fylgðom  
bloðs fec svavr þar er slęðvz<sup>2</sup>  
sverð upp i scip gerdv.

þa toc at snva mannfalino upp a lið iarlins. sotto þa konungs menninir at iarlscipi. oc var þa við sialft at þeir mynde upp ganga a þat scipit. en er iarll sa i hvert vefni comit var. þa het hann a frambyggva at þeir scyldv haggva tengsliu oc leysa scipin ut. þeir gerdv sva. þa ferdv konungs menn stafnlia<sup>3</sup> a sceiðarkylfno oc helldv þeim. þa męlti iarlinn at stafnbvar scyldv af havgva kylfno. sva gerðu þeir. Sva segir Sigvatr.

Sialfr bað svartar kylfor  
Sveinn harðliga sceina  
ngr var aor i ora  
avðvan roit hanom.

þa er til goðs en giöbi  
gert fengum hrę svavrtum  
yggs let herr vm havggvit  
hrafni sceiðar stafna.

Einarr þambascelfir hafði sitt scip lagt a annat borð iarlscipino. þa kaustvðv þeir akkeri i scip iarlens oc fluttvz sva allir saman vt a fiordinn. Bersi Scaldtorfo son var i fyrirrvmi a scipi Sveins iarlsc. en er scipit seig fram hia flotanom. þa męlti Olafur konungr hatt er hann kendi Bersa. þvi at hann var avðkendr. hveriom manne venni oc buenn forkvnnar vel at vapnum oc kleðum. Farit heilir Bersi. Hann svarar. Verit heiler konungr. Sva segir Bersi i flocki þeim er hann orti þa er hann com a valld Olafs konungs oc sat i fiotrvm.

<sup>1</sup>) r. f. roðrir <sup>2</sup>) r. f. slęfulia

Hroðr batt heilan liða  
hagkennandi þenna  
en snærki slicu  
svarat unnv ver gunnar.  
orð selldvm ver ellda  
uthauðs boða travðir  
knarrar hafis sem ec keypta  
kynstors at við brynio.

Sveins ravnir hefi ec senar  
snart recninga biartar<sup>1</sup>  
þar er svæltvngvr svngv  
saman foro vit storar.

elgs mon ec eigi fylgia  
ut riðboða sþan  
hellzt at hveriom kosti  
branna dyrra manni.

Kryp ec eigi sva sveigir  
sara linz í ari  
bvm olitinn uti  
sunndvr þer til handa<sup>2</sup>  
at ec herstefni hafna  
heiðmilldr eþa ec þa leiðome  
vngv kvana ec þa þröngvi  
þinn hollvini mina.

Nv flyðv sumir iarls menn a land upp. sumir gengv til gríða. þa rorv þeir Sveinn iarll ut a fiorð. oc lavgðv þeir saman scipin. oc tavlðvz hafðingiar við. leitar iarll raþa við lenda menn. Erlingr Scialgs son reð þat at þeir scyldv norðr sigla i land oc fa ser lið oc beriaz enn við Olaf konung. en fyr þvi at þeir havsðv latit lið mikit. þa fysto flestir allir at iarll færi or landi oc a fund Svía konungs mags sins. oc esldiz þaðan með liði. oc fylgði Einarr þvi at þambascelfir. þvi at honom þotti sem þeir hefði þa engi faung at beriaz við Olaf. scildiz þa lið þeirra. Sigldi iarll suðr ifir Follidina. oc með honom Einarr þambascelfir. oc enn margir aðrir lendir menn. þeir er eigi villdv flyia oþol sin foro norðr til heimila sinna. hafði Erlingr un sumarit flolmenni mikit.

#### Fra raðagerðum Olafs konungs.

41. Olafr konungr oc hans menn sa at iarll (hafði) saman lagt scipom sinom. þa eggjaði Sigvrðr syr at þeir scylldo leggja at iarli. oc lata þa til stals sverva með þeim. Olafr konungr svarar. at hann vill sia fyrst hvert rað iarll tæki. hvart þeir helldi saman floccinom eða scilþiz liðit við hann. Sigurðr qvað hann raða myndo. en þat er mitt hugboð scgir hann við scaplyndi þitt oc raðgirni. at seint tryggvir þu þa storbockana sva sem þeir ero nv vanir aþr at hallda fullo til motz við havðingiana. Varð oc ecki at atlavgvnni. sa þeir þa bratt at lið iar(l)sins scildiz. þa let Olafr konungr rannsaka valinn. lagv þeir þa(r) nackvarar nêtr oc scipto herfangino. þa qvað Sigvatr<sup>3</sup> visor þessar.

þess gecc ec meirr at missi  
mordarr sa er com norðan

harða margr i havrðum  
heimk(v)amo styr þeima

<sup>1</sup>) r. f. briartar <sup>2</sup>) r. f. halda <sup>3</sup>) r. f. Sviv'

sök af synði blacki  
 svinnvm morgt til grvna  
 satt er at Sveini matlom  
 smiknvta ver vti.

Fyrr eigi oss í are  
 iunþrønc þo at lið minna  
 gort hvgrða ec sva snerto  
 snotr mqr konungr vgrí.  
 brvðr mon hellðr at haði  
 hafa drott þa er fram sottit

folld rvðom scgrs ef scyldi  
 sccggi aðratveggio.

Afi vøtt þvi at efla  
 Upplendinga scndi  
 Sveins sunnvt þar þenna  
 þilblacs konung vilia.  
 ravn er hins at Heinir  
 hrelinnz megv vinna  
 þeir atv flvg fleina  
 fiolreca en avl drecka.

Olafr konungr gaf gíafar goðar Sigvrði syr magi sinom at scilnaði. oc sva aðrom hoðdingiom þeim er honom hoðv lið veitti. hann gaf Catti af Ringunesi karfa .xv.sesso. oc flvtli Ketill karfann upp eptir Ravnelfi. oc allt upp í Miors. Olafr konungr hellt til niosn um farar iarls. en er hann spvrði þat at hann var or landi farinn. þa for konungr vestr eptir Vikinni. dreif þa lið til hans. var hann til konungs tekinn a þingom. for hann allt sva til Liþandisness. þa spurði hann at Erlingr haði samnat mikinn. dvalþiz konungr þa ecki a Norðr-augðum. þvi at hann fecc þa raðbyri. for hann sem scyndiligast norðr til þrandheims. þvi at honom þotti þar vera allt megin lanzins ef hann fengi þar vndir sic comit meðan iarlinn vgrí or landi. En er Olafr com í þrandheim. þa var þar engi uppreist í moti honom. oc var hann þar til konungs tekinn. oc settiz þar um haustit í Niþarosi. oc bio þar til vetrvistar oc let þar hvsa konungsgarð oc reisa Klemenskirchio í þeim stað sem nv stendr hon. hann marcadi toptir til garða. oc gaf buondum eða caupmonnom eða þeim avðrom er honom syndiz oc husa villdv. hann sat þar fiolmennr. þvi at hann treystiz illa þrøndum um trvleic ef iarlinn kómi aptr í land. voro berastir í þvi Jnnþrøndir. oc fecc konungr þaðan engar landscyllder.

#### Andlat Sveins iarls.

42. Sveinn iarll for fyrst til Svíþjóðar oc a fund Olafs Svía konungs mags sins. oc sagði allt fra viðscriptom þeirra Olafs digra. oc leitar þar þa raða af Svía konungi hvat hann scal upp taca. konungr segir sva at hann scal vera með honom ef iarll vill þat. oc hafa þat ríki til forraða er honom þycki sémilict. en at avðrom costi segir hann. scal ec sa þer gnogan liðs afla at sokia landit af Olafi. Jarlinn caus þat. þvi at þess systo allir hans menn. þeir atv eigur storar í Noregi margir er þar varv þa með iarli. sato þeir þa ífir þessi rað-agørð oc com þat asamt at þeir scyldv raða til um vetrinn eptir oc



fara landveg um Helsingaland oc Jamtaland oc sva ofan til þrandheims. þvi at iarll treystiz Innþröndum bezt við sec um traustit oc liðveizlo ef hann cömi þar. En þo gera þeir þat rað at fara fyrst um sumarit i hernat i Austrveg. oc fa ser þar fiar. Sveinn iarll for með liði sino austr i Garðariki. oc heriadi þar oc dvalþiz vm sumarit. en er haustadi sneri hann aptr liðino til Sviðioðar. þa fece hann sott þa er hann leiðdi til bana. Eptir andlat iarls for lið þat er honom hafði fylgt aptr til Sviðioðar. en sumir snörvz til Helsingalanz. þaðan til Jamtalanaz oc þa austan um Kiol til þrandheims. oc savgðv þar þau tþindi er gaurz hofðv i forum þeirra. var þa sannspurt andlat Sveins iarls. Einarr þambascelfir oc sv sveit er honom hafði fylgt for um vetrinn til Svía konungs. oc var þar i goðu yfirleti. þar var oc mart annarra þeirra manna. er iarlinum hofðv fylgt. Svía konungi hvgnadiz storilla við Olaf digra þat er (hann) hafði selzc i scattlavnd hans oc rekit a braut Svein iarll. het hann þar fire Olafi Harallz syni enom mestom afarcostom þa er hann metti við. komaz. Hann sagði at eigi myndi Olaf svá diarfr vera at hann myndi taca undir sic þat velldi er iarlarnir havfðv att. þvi fulltingðv margir Svía konungs menn. at sva myndi vera. En er þröendr spurðv til sannz at Sveinn var andaðr. oc hans var ecki van til Noregs. þa sneriz aull alðyða til hlyðni við Olaf konung. foro þa margir menn innan or þrandheimi a fund Olafs konungs oc gærðvz menn hans. en sumir sendv orþ oc iartegnir at þeir villdv honom þiona. for hann þa um haustit inn i þrandheim. oc atti þing við böendr. var hann þar til konungs tekinn i hverio fylki. hann for þa ut til Niðaross oc let þangat flytia allar konungs scyldir oc esnaði þar til vetrseto.

#### Fra hirðsiðum Olafs konungs.

43. Olaf konungr let husa konungsgarð i Niðarosi. þar var gor mikil hirðstofa oc dyrr a baðum endum. hasæti konungs var i miðri stofvnni. oc innar fra sat Grimkell hirðbyscop hans. oc þar næst aðrir kennimenn hans. en vtar fra raðgiafar hans. J auðro andvgi gegnt honom sat stallari hans Biornn digri. oc þar næst gestir ef gaufigir menn komo til hans. Við ellda scyldi þa aul drecka. Hann scipaði monnom i þionostvr sva sem siðr konunga var til. hann hafði með ser .lx. hirðmanna. oc .xxx. gesta. oc setti hann þeim mala oc lavg. hann hafði oc .xxx. hvscarla. oc starfa scyldo i garðinom slict er þurpti oc til flytia. hann hafði oc marga þręla. J garðinom var oc mikill scali er hirðmenn svafv i. oc þar var mikil stofa er konungr ætti i hirðstefnor oc ma(l)stefnor oc sęttarstefnor. þar var siðr hans

at risa snemma upp um morna oc cleðaz oc taca handlaugar. ganga síþan til kircio oc lyða ottosongvi oc morguntíðum. ganga síþan a stefnor oc sætta menn eða tala þat annat er monnom þotti scyllt. hann stefndi til sin beði ricom oc uricum. oc þeim aullum er ricastir voro oc vitraztir. hann let upp telia fire ser laug þau er Hacon Apalsteins fostri hafði sett i þrandheimi. hann scipaði laugunom með raði enna vitrvstv manna. toc af eða lagði við þar er honom syndiz þat. en cristinn rett setti hann við rað Grimkels byscops oc annarra kennimanna. oc lagði a þat allan hug at taca af heidni oc fornar venior. þer er honom þotti kristnispell i. sva com at bændr iatvðv þeim laugum er hann setti. sva segir Sigvatr scald.

Loftbyggvir matt leggja  
landrett þann er scal stendaz.

unnar allra manna  
eykia liðs a miðli.

#### Fra hattum Olafs konungs.

böndr þar sem a Vangi heitir. como þar böndr fiolment oc með alvepni. bavð konungr þeim at taca við cristni. en bendr bvðv bardaga í mot. oc com sva at hvarertveggio fylcðo liði sino. Var þo sva at bvondvm scaut scelc i bringo. oc villdi engi frēmstr standa. varð þat þa at lycðom er þeim gegndi betr. at þeir gengu til handa konungi oc toco við cristni. Scildiz konungr eigi fyrr þaðan en þar var alkristit orðit. þat var einn dag at konungr reið leið sina. hafði svngit salma<sup>1</sup> sina. en er hann com gegnt havgonom. nam hann staðar oc melti. þau scal segia min orð maðr manni. at ec kalla rað at alldregi siðan fari Noregs konungr a milli þessa hauga. Er þat oc savgn manna at flestir konungar hafi þat varaz siþan. þa for Olafr (konungr) ut (i) Ostrarfiord. com þar til scipa sinna. for þa norðr i Sogn oc toc þar veizlor um sumarit. Enn er hausta toc. sneri hann inn i fiordv. for þaðan upp a Valldres. þar var aðr heidit. Konungr for sem akafligast upp til vazins. com þar a uvart bvondum oc toc þar scip þeirra. Gek þar a sialfr með ollo liði sino. siþan scar hann þingboð oc setti þing sva nær vatnino. at konungr atti allan cost scipanna ef hann þettiz þurfa. Böndr sottv þingit með her mannz alvapnaðan. Konungr bavð þeim cristni. en böndr øpðv i mot oc baðv hann þegia. gerðv þegar gny mikinn oc vapnabrac. En er konungr sa. at böndr villdv ecki til hlyða þess er hann kendi þeim. oc þat annat at þeir havðv þann mvg mannz er ecki stod við. þa snøri hann røðvnni. spurði at ef nackvarir veri þeir menn a þingino er sakir þer ettiz við. er þat villdi at hann setti i milli þeirra. þat fannz brat a orðom buanda. at margir voro þar rangsattir sin a milli. er þa havðv samhlaupa (orðit) at mela moti cristninni. En þegar er bendr toco at kera sin vandredði. þa aflaði hverr þeirra ser sveitar at flytia sitt mal fram. Gecc þvi fram þann dag allan. At kveldi var slitit þingino. þegar er böndr hofðo spurt at Olafr konungr hafði farit um Valldres. oc hann var cominn i bygðina. þa hofðv böndr latit fara heraur oc stefnt saman þegn oc þrel. foro með her þann mot konungi. en þa var viða aleyða i bygðinni. Böndr helldv enn samnaðinom þegar er steit þingino. þess varþ konungr viss. En er hann com a scip sin. þa let hann roa um nottina yfir þvert vatnit. þar let hann upp ganga i bygðina. let þar brenna oc reña. Eplir um daginn rerv þeir nes fra nesi. let konungr allt brenna bygðina. En þeir böndr er i samnaðinom lago. þa er þeir sa reyc oc loga til bæia sinna. þa urðv þeir lausir i floccinom. stefndi þa hverr i brot oc leitaði heim. ef hann mætti finna hysci sitt. En þegar er los com i liðit. þa com hverr at

<sup>1</sup>) r. f. spalma

aðrom til þess er allt riðlaðiz i sma flocca. En konungr reri ífir vatnit oc brendi þa a hvaritveggia land. Como þa bændr til konungs oc baðv miscvnnar. buðv handgavngv sina. Gaf hann hveriom manni grið er til hans com oc þess crafði oc sva se þeirra. melti þa engi maðr við cristni. Let konungr þa scira folkit oc toc gislar af buondom. Dvalðiz konungr þar lengi vm haustit. let draga scip um eið a milli vatnanna. For konungr litt um land uppi fra votnomom. þvi at hann trvði þeim illa buondum. hann let þar kircior vigia oc selti kennimenn til. En er konungi þotni van fræra. þa sotti hann upp a land. com þa fram a þotni. Þess getr Arnorr iarla scald. at Olaftr konungr hafði brent a Upplavndvm. þa er Arnorr orti (um) Haralld broðor hans.

Gengr í gtt þar er yngvi.	villduð auflgar alldar
Vpplendinga brendi	aðr var styrt til vaða
þioð gallt ræsis reiði	grams dolgom fecz galgi
rann þa er fremstr var manna.	gagnpryoinda hlyða.

.x. vetr.

110. Siðan for Olaftr konungr norðr um Dala allt til fialz. oc nam eigi staðar fyrr en hann com i þrandheim oc allt til Niðaross. bio þar til vetrvistar oc sat þar um vetrinn. Sa var enn .x. vetr konungdoms hans. Aðr vm sumarit for Einarr þambascelfir or landi. fyrst vestr til Englanz. hitti þar Hacon iarll mag sinn. dvalðiz þa með honom um hrið. Siðan for Einarr a fund Knvz konungs oc þa af honom gisfir. Eptir þat for Einarr svðr um sę oc allt suðr til Rvma-borgar. oc com aprt annat sumar. for þa norðr til bva sinna. hittvz þeir Olaftr konungr þa ecki.

Vpphaf Magnvs goða.

111. Alfhilldr het kona er colloð var konungs ambatt. hon var þo af goðom ettom comin. hon var kvenna friðvzt oc var með hirð Olafs konungs. En þat var varþ þat tiþenda. at Alfhilldr var með barni. en þat vissv trvnaðarmenn. at Olaftr konungr mondi vera faþir barnsins. Sva bar at a einni nott at sott stoð Alfhilldi. þar var fatt manna við statt. conor nackvarar oc prestr. Sigvatr scald oc fair aðrir. Alfhilldr var þungliga halldin oc gek henne nęr dauða. hon sœddi sveinbarn. oc var þat um rið er þau visso cglęgt hvart lif var með barnino. Enn er barnit scaut avndv upp oc allumattvliga. þa bað prestrinn Sigvat fara at segia konungi. Hann svarar. Ec þori fire avngan mun at vekia konung. þvi at hann bannar þat hveriom manne at bregða svefni fire honom fyrr en hann vacnar sialfr. Prestrinn melti.



Nauðsyn berr nú til at barnn þetta fai scirnn. mer syniz þat allumattv-  
ligt. Sigvatr svarar. Helldr þori ec til þess at raða at þu scirir barnit  
en at vekia konung. oc man ec avitum upp halda oc gefa nafn. Sva  
gørðv þeir at sveinn sa var scirðr. oc het Magnvs. Eptir um morgoninn  
þa er konungr var vacnaðr oc klæddr. þa var honom sagt allt fra  
þessom atburðum. þa let konungr kalla til sin Sigvat. Konungr melti.  
Hvi vartv sva diarfr<sup>1</sup>. at þu lézt scira barn mitt fyrr en ec vissa.  
Sigvatr svarar. þvi at ec villda helldr gefa guði .ii. menn en einn  
fianda. Konungr melti. Fire hvi myndi þat við leggja. Sigvatr svarar.  
Barnit var at komit dauða. oc myndi þat fiandans maðr. en nú var  
þat guðs maðr. Hitt er oc annat. at ec vissa þott þv verir mer reiðr.  
at þar mondi<sup>2</sup> eigi meira við liggja en lif mitt. en ef þu villt at ec  
tyna þvi fire þessa soc. þa venti ec at ec sia guðs maðr. Konungr  
melti. Hvi leztu sveininn Magnus heita. ecki er þat vart ettnafn. Sig-  
vatr svarar. Ec het hann eptir Karlamagnusi konungi. þann vissa ec  
mann beztan i heime. þa melti Olafr konungr. Gefumaðr ertu mikill  
Sigvatr. er þat eigi undarlicet at gefa fylgi vizco. hitt er kynlicet sem  
stundum kann verða. at sv gefa fylgir uvizcom manni. at uvitrlig rað  
snvaz til gefu. Var þa konungr allglaðr. Sveinn sa fœddiz upp. oc  
var bratt esni(li)gr er alldr for ifer hann.

#### Dráp Selsbana.

112. þat var et sama fecc Olafr konungr i hond Asmundi Gran-  
kels syni syslv a Halogalandi halfa til moz við Harec or þiottv. En  
hann hafði aðr haft alla. svma at veizlo en svma at leni. Asmundr  
hafði scuto oc a ngr .xxx. manna oc vapnaða vel. En er Asmundr  
com norðr. þa hittvz þeir Harecr. sagði Asmundr honom hvernig kon-  
ungr hafði til scipat um syslona. let þar fylgia iartegnir konungs.  
Harecr svaraði sva. at konungr mondi raða hverr syslv hefði. en þo  
gerðv ecki sva enir fyrri hausðingiar at minca varn rett. er etþornir  
erom til ricis at hafa af honom. en sa þer i hendr hvanda syni þeim  
er slict hefir<sup>3</sup> ecki með hondum haft. En þott þat fyrdiz a Hareci.  
at honom þotti þetta molu scapi. þa let hann Asmund við syslv taca  
sem konungr hafði orð til send. For þa Asmundr heim til foðor sins.  
dvaldiz þar litla rið. for þa siþan i syslv sina norðr a Halogaland.  
En er hann com norðr i Langey. þa bioggv þar brøðr .ii. het annarr  
Gunnsteinn en annarr Karli. þeir varv menn avðgir oc virþingamenn  
miclir. Gunnsteinn var busyslvmaðr mikill oc ellri þeirra brøðra.

<sup>1</sup>) r. f. dialfr <sup>2</sup>) r. f. maudi <sup>3</sup>) r. f. hafa

(Karli var) friðr synom oc scarzmaðr mikill. en hvarrtveggi þeirra var iðrottamaðr mikill um flesta lute. Asmundr fec þar goðar viðtocor oc dvalðiz þar. heimte þar saman slict er fecz. Karli røddi þat fire Asmundi. at hann villdi fara með honom suðr a fund Olafs konungs at leita ser hirðvistar. Asmundr fysti þess raðs oc het umsyslo sinne við konung. at Karli fengi þat ørendi sem hann beiddiz til. rez Karli þa til foroneytis við Asmund. Asmundr spurði til þess at Asbiornn selsbani hafði farit suðr i Vaga stefno. oc hafði byrðing mikinn er hann atti oc ngr .xx. menn. oc hans var þa sunnan van. Þeir Asmundr foro leið sina suðr með landi oc haufðv anndviðri oc þo litinn vind. sigldv scip i moti þeim þau er varv af Vaga flota. spurðv þeir þa af lioði at um farar Asbiarnar. var þeim sva sagt at (hann) mundi þa sunnan a leið. þeir Asmundr oc Carli voro reckiofelagar. oc var þar et kersta. þat var einn dag er þeir Asmundr rero fram eptir svndi nockoro. þa sigldi byrðingr moti þeim. var þat scip auðkent. þat var hlyrbirt. steint beði hvitom steini oc ravðum. þeir haufðv segl stafat með vendi. þa melti Carli við Asmund. Opt røðir þu um at þer se forvitni mikil a at sia hann Asbiornn selsbana. eigi cann ec scip at kenna ef eigi siglir hann þar. Asmundr svaraði. Gør sva vel lagsmaðr. seg mer til ef þu kennir hann. þa rendvz hia scipin. Melti Karli. þar sitr hann selsbani við styril i blam kyrtili. Asmundr svarar. Ec scal þa fa honom rauðan kyrtil. Siðan scaut Asmundr at Asbirni selsbana spioti. oc com a hann miðian. flo i gaugnum hann sva at fast stoð fram i hofðafiolinni. fell Asbiornn davðr fra styrino. Foro siþan hvarirtveggio leiðar sinnar. Fluttv þeir lic Asbiarnar norðr a þrandarnes. let þa Sigriðr senda eptir þori hund til Biarceyiar. com hann til er bvit var um lic Asbiarnar eptir siþ þeirra. En er menn foro braut. valði Sigriðr vinom sinom gíafar. Hon leiddi þori til scips. en aðr þau scilði melti hon. Sva er nv þorir. Asbiornn son minn lyddi astraðum þinom. nv vannz honom eigi lif til at launa þer þat sem vert var. Nu þott ec sia verr til før en hann mundi vera. þa scal ec þo hafa vilia til. Nu er her gíof er ec vil gefa þer. oc villda ec at þer kómi vel i halld. þat var spiot. Her er nv spiot þat er stoð i gognum Asbiornn son minn. oc er þar enn bloð á. Mattv þa helldr mvna at þat man hefaz oc sar þau er þu satt a Asbirni broðor syni þinom. Nu yrði þer þa scorvliga. ef þu letir þetta spiot sva af hondom. at þat stoði i briosti Olafi enom digra. Nv meli ec þat um segir hon. at þv verþir hvers mannz niðingr. ef þu hefnir eigi Asbiarnar. Sneri hon þa i braut. þorir varð sva reiðr orðom hennar. at hann matti øngv svara. oc eigi gaði hann spiotið laust at lata. oc

eigi gaði hann bryggionnar. oc mondi<sup>1</sup> hann ganga a kaf ut. ef eigi tæki menn til hans oc styddi hann. er hann gecc ut á scipit. þat var malaspiot ecki mikil oc gullrekinns falrenn á. Rörv þeir þorir þa i brot oc heim til Biarceyiar. Asmundr oc þeir selagar foro leið sina til þess er þeir komo suðr til þrandheims oc a fund Olafs konungs. sagði Asmundr þa konungi hvat til tíþinda hafði gorz i forom hans. Gørðiz Karli hirðmaðr konungs. helldv þeir Asmundr vel vinattv sinne. En orðtoc þau er þeir Asmundr oc Karli havfðv mælz við aðr vig Asbiarnar varð. þa for þat ecki leynt. því at þeir sialfir savgðv konungi fra því. En þar var sem mælt er. at hverr a vin með uvinom. varv þeir þar sumir er slict hvgfestu. oc þaðan af kom þat til þoris hunz.

#### Fra Olafi konungi.

113. Olafr konungr bioz um varið er a leið. oc bio scip sin. Siþan for hann um sumarit suðr með landi. atti þing við höndr. setti menn oc siþaði land. toc oc konungs scylldir þar sem hann for. For konungr um sumarit allt austr til lanz enda. Hafði Olafr konungr þa cristnat land þar sem storheroð varv. þa hafði hann oc scipat lavgum um land allt. hann hafði þa oc lagt vndir sic Orcneyiar. sva sem fyrr var ritað. hann hafði oc haft orðsendingar oc gert ser marga vini beði a Jslandi oc Grønlandi oc sva i Fęreyiom. Olafr konungr hafði sent til Jslandz kirkiovið. oc var sv kirkia gør a þingvelli. þar er alþingi er. hann sendi með kluckv micla þa er enn er þar. þat var þa eptir er Jslandingar hosðo fært lavg sin oc sett cristinn rett eptir því sem Olafr konungr hafði orð til send. Siþan foro af Jslandi margir metorðamenn þeir er handgengnir gørðvz Olafi konungi. þar var þorkell Eyioltis son. þorleicr Bolla son. þorðr Kolbeins son. þorðr Barkar son. þorgeirr Havarar son. þormoðr Kolbrvnr scald. Olafr konungr ha(ſ)ði sent vingiafar morgum hosðingiom til Jslandz. En þeir sendv honom þa luti er þar fenguz. oc þeir vento at honom mondi hellzt þiccia sending i. En i þesso vinattomarki er konungr gerði til Jslandz bioggv enn fleiri lutir þeir er siðarr urðv berir.

#### Orðsending til Jslandz.

114. Olafr konungr sendi þetta sumar þorarin Nefioltis son til Jslandz með ørendum sinom. oc hellt þorarin scipi sino þa ut or þrandheime oc er konungr for. oc fylgði honom suðr a Møri. Sigllði þorarin þa a haf ut oc sec sva mikil raðbyri. at hann sigldi a atta dögrom

<sup>1</sup>) r. f. mandi

til þess er hann toc Eyrar a Jslandi. oc for þegar til alþingis. oc com þar er menn voro at lavgbergi. gecc þegar til laugbergs. En er menn hófðv þar meyllt lavgscil. þa toc þorarinn Nefiolsf son til mals. Ec scilðumc fire .iiii. nottom við Olaf konung Harallz son. sendi hann kveðio hingat til lanz ollom hófðingiom oc lanzstiornar monnom. oc þar með allri alðyðv karla oc kvenna. ungum manne sem gaurilmv selom oc veslom guðs oc sina. oc þat með at hann vill vera yðarr drottinn ef þer vilit vera hans þegnar. en hvarir annarra vinir oc fulltingsmenn til allra goðra lvta. Menn svoroðo vel mali hans. kodoz allir þat fegnir vilia at vera vin konungs. ef hann vill vera vin her lanz manna. þa toc þorarinn til mals. þat fylgir kveðiosending konungs at hann vill þess beiðaz i vinatto af Norðlendingom. at þeir gefi honom ey eða utsker er liggir fire Eyiafirði. er menn kalla Grimsey. vill þar veita i mot þav gøði af sinv landi. er menn kvnna honom til at segia. en sendi orð Guðmundi a Mavðrvollom til at flytia þetta mal. þvi at hann hefir þat spurt at Guðmundr reðr þar mesto. Guðmundr svaraði. Fuss em ec til vinatto Olafs konungs. oc etla ec mer þat til gagns miclo meira en utsker þat er hann beiþiz til. en þo hefir konungr eigi retl spurt. at ec eiga meira rað en aðrir. þvi at þat er nv at almenningi gort. Nv monom ver eiga stefnor at vár i milli þeir menn er mest hafa gagn af eyionni. Ganga menn siðan til hvða. Eptir þat eigo Norðlendingar stefno milli sin oc røða þetta mal. lagði þa hverr til slict er syndiz. var Guðmundr flyt(i)andi malsins. oc snerv þar margir aðrir eptir þvi. þa spurðv menn hvi Einarr broðir hans røddi ecki um. þyccir oss hann cvnna savgðv þeir flest gløgst at sia. þa svaraði Einarr. þvi em ec farøðinn um þetta mal. at engi hefir mic at kvatt. En ef ec scal segia mina etlan. þa hygg ec at sa moni til vera her lanz monnom. at ganga eigi her undir scattgiasfar við Olaf konung oc allar alavgor her þvilicar sem hann hefir við menn i Noregi. oc mono ver eigi þat ufrelsi gera einom oss til handa. helldr beði sonom varom oc þeirra sonom oc allri ett varri þeirri er þetta land byggvir. oc man anavð sv alldregi hverfa af landi þesso. En þott konungr sia se goðr maðr. sem ec trvi vel at se. þa man þat fara heðan fra sem her til. þa er konunga scipli verða. at þeir ero uiafnir sumir goðir en sumir illir. En ef lanz menn vilia hallda frelsi sino. þvi er haft hafa siþan land þetta bygdiz. þa man sa til vera at lia konungi enskis fangstaðar á. hvartki um landaeign her. ne um þat at giallda heðan ækveðnar sculldir þer er til lyðscylldv megi metaz. En hitt calla ec vel fallit. at menn sendi konungi vingiasfar þeir er þat vilia havca eða hesta tiold eða segll. eða apra þa

luti er sendingat. ero. er því þa vel varit ef vinnsta kemr i mot. En um Grimsey er þat at mela. ef þaðan er engi lutr flutr sa er til matfanga er. þa ma þar sœða her mannz. oc ef þar er utlendr herr. oc fari þeir þaðan með langscipom. þa ella ec morgom kotbuondonom mono þyccia verða þrongt fire dyrom. Oc þegar er Einarr hafði þetta mælt oc int allan utveg þenna. þa var aull aldyða svin með eino samþycci. at eigi scylldi þetta faz. Sa þorarrinn þa eyrindis loc sin um þetta mal.

#### Fra þorarni Nefiølfis syni.

115. þorarrinn gecc dag annan til lavgbergs oc mælti þa enn erendi oc hof sva. Olafur konungr sendi orð vinom sinom hengat til lanz. nefndi til þess Guðmund Eyiofils son. Snorra goða. þorkel Eyiofils son. Scapta lavgsogomann. þorstein Hallz son. Hann sendi yðr til þess orð. at þer scylldut fara a fund hans oc sekia þangat vinattv-boð. mælti hann þat at þer scylldvt þessa ferð eigi undir haufuð leggiaz. ef yðr þætti nockoro varða um hans vinatto. þeir svoroðu því mali. þoccoðu konungi boð sitt. kodoz þetta segia myndo þorarni sidarr um ferþir sinar. þa er þeir hefði raðit fire ser oc við vini sina. En er þeir hofðingiar loco røður sin i milli. þa sagði hverr sem syndiz um ferð þessa. Snorri guði oc Scapti lautv þess at leggia a þa hetto við Noregs menn. at allir menn færi senn af Jslandi oc þangat þeir menn er mest reðv fyr landi. saugðu þeir at af þessi orðsending þotto þeim helldr grunir a dregnir um þat er Einarr hafði getit. at konungr myndi etla til pyndinga nackvarra við Jsleðinga. ef hann mætti raða. Guðmundr oc þorkell Eyiofils son fysto mioc at scipaz við orðsending konungs. oc colloðu þat semðarfor miela vera myndo. En er þeir kniaðv þetta mal mille sin. þa staðfestiz þat hellzt með þeim. at þeir sialfir scylldv eigi fara. en hverr þeirra scylldi gera mann af hendi sinni þann er þeim þætti bezt til fallinn. oc scildvz a því þingi við sva buit. oc urðv øngar utanferðir a því svmri. En þorarrinn for tvi-vegis um sumarit oc com um haustit a fund Olafs konungs. oc sagði honom sitt erendi slict er orðit var. oc sva þat með at hofðingiar myndo coma af Jslandi sva sem hann hafði orð til sent eða synir þeirra elligar.

#### Fra Færeyingom.

116. þat sama sumar como utan af Færeyiom til Noregs at orðsending Olafs konungs Gilli laugsavgvmaðr. Leifr Auzurar son. þoralfur or Dimon. oc margir aðrir buanda synir. En þrandr i Goto bioz

til ferþar. en er hann var buenn mioc. þa toc hann fellisott þa er hann var hvergi forr. oc dvalðiz hann eptir. En er þeir Føreyingar como a fund Olafs konungs. þa callaði hann þa a tal oc atti stefno við þa. lavc hann þa upp við þa erendi þau er undir bioggv ferðinni. oc sagði þeim at hann villdi hafa scatt af Føreyiom. oc þat með at Føreyingar scylldv hafa þau lang sem Olafr setti þeim. En a þessi stefnv sanz þat a orðom konungs. at hann mondi taca festu til þessa mals af þeim føyreyskom monnom er þa varv þar comnir. ef þeir villdi þat saltmal swardogom binda. bauð þeim monnom er honom þotto þaragetastir. at þeir scylldo geraz honom handgengnir oc þiggia af honom metorð oc vinatto. en þeim enom føyreyscom virðoz sva orð konungs. sem grunnr myndi a vera hvernig þeirra mal myndi snvaz. ef þeir villdi eigi undir þat allt ganga sem konungr beiddi þa. En þo at þetta mal lykiz eigi a fyrstv stefnvlagi. þa varþ þat allt framgengt er konungr beiddiz. Gengu þa til handa konungi oc gerðuz hirðmenn hans Leifr. Gilli oc þoralfr. en allir þeir foronautar veitto svarlaga Olafi konungi til þess at hallda i Føreyiom þau lavg oc þann lanzrett sem hann setti þeim oc scattgilldi þat er hann qvað a. Siðan bioggvz þeir enir føyreysco til heimferðar. En at scilnaði veitti konungr þeim vingiafar er honom hosðv handgengnir gorz. fara þeir ferðar sinnar. þa er þeir varv bunir. En konungr let bua scip oc secc manna til oc sendi þa menn til Føreyia at taca þar við scatti þeim er Føreyingar scylldo giallda honom. þeir urðv ecki snembunir oc foro er þeir varv bunir. oc er fra þeirra ferð þat at segia. at þeir coma eigi apr oc engi scattr a því sumri er nest var eptir. því at þeir hosðu ecki comit til Føreyia. hafði þar oc engi maðr scatt heimtan.

Fra brvðcaupum.

117. Olafr konungr for um haustit inn i Vikina oc gerði orð fire ser til Upplanda oc let bioða veizlor. því at hann etlar ser um vetrinn at fara um Upplond. Siðan byriar konungr ferðina oc for til Upplanda. Dvalðiz Olafr konungr þann vetr a Upplaundum. for þar at veizlom oc leiðrætti þa luti þar er honom þotti abota vant. samði þa enn cristnina þar er honom þotti þvrfa. þat gerdiz til tidinda þa er Olafr konungr var a Heiðmorc. at Ketill kalfr a Hringvnesi hof upp bonorð sitt. hann bað Gunnhilldar dottor Sigurðar syr oc dottor Asto. var Gunnhilldr systir Olafs konungs. atti konungr svor oc forað mals þess. Konungr toc því vengliga. fire þa soc at hann vissi um Ketil. at hann var maðr ettstorr oc avðigr vitr maðr oc havfðingi mikill. hann hafði oc verit lengi aðr vin Olafs konungs mikill sva sem her er fyrr sagt. þat

allt saman bar til þess at konungr unni raðs þessa Katli. Varð þetta framgengt at Ketill fecc Gunnhilldar. var Olafur konungr at þeirri veizlo. Olafur konungr for norðr i Guðbranzdala toc þar veizlor. þar bio sa maðr er het Þorðr Gutthorms son a bœ þeim er a Steig heitir. Þorðr var maðr ricastr i enn nerðra lut Dala. En er þeir hittvz oc konungr. þa hof Þorðr upp bonorð sitt oc bað Jsriðar Guðbranz dottor moðorsystor Olafs. atti þar konungr svor þess mals. En er at þeim malum var setit. þa var þat raðit at þau rað tocoz oc fecc Þorðr Jsriðar. gerðiz hann siðan avluþar vin Olafs konungs. oc þar með margir aðrir frendr Þorðar oc vinir þeir er eptir honom hurfo. For Olafur konungr þa aprt um þotn oc Haðaland. þa a Ringariki oc ðaðan ut i Vikina. For hann um varit til Tunsbergs. oc dvalðiz þar lengi meðan þar var caupstefna mest oc tilflutning. let þa bua scip sin oc hafði með ser fiolmenni mikit.

#### Fra Jslendingom.

118. Sumar þetta komo af Jslandi at orðsending Olafs konungs Steinn son Scapta laugsogomannz. Þoroddr son Snorra goða. Gellir son Þorkels Eyiólfs sonar. Egill son Siðvhallz broðir Þorsteins. Guðmundr Eyiólfs son hafði andaz aðr vm vetrinn. þeir enir islenzcv menn foro þegar a fund Olafs konungs er þeir matlv við komaz. en er þeir hittv konung fengv þeir þar goðar viðtocor oc varv allir með honom. þat sama sumar spurði Olafur konungr at scip þat var horfit er hann hafði sent til Færeya it fyrra sumar. oc þat hafði hvergi til landa comit sva at spurt vere. Konungr fecc þa til scip annat oc þar menn með oc sendi til Færeya eptir scatti. Foro þeir menn oc leto i haf. en siðan spurðiz ecki til þeirra helldr en til enna fyrri. oc varv þar margar getor á hval af scipom þeim myndi orðit.

#### Upphaf sogo Knuz ens rika.

119. Knutr enn rici er sumir menn kalla Engla Knvt hann var konungr i þenna tíð ifir Englandi oc ifir Dana velldi. Knutr var son Sveins tivgoscegs Harallz sonar. þeir langfeðgar hofðv raðit langa efi fire Danmorco. Haralldr Gorms son favðvrsaðir Knuz konungs hafði eignaz Noreg eptir fall Harallz Gunnhilldar sonar oc tekit af scatta. sett þar til lanzgezlo Hacon iarll enn rica. Sveinn Dana konungr son Harallz reð oc fire Noregi oc setti ifir til lanzgezlo Eiric iarll Haconar son. Reþo þeir breðr þa landi oc Sveinn Haconar son. til þess er Eiric iarll for vestr til Englanz at orðsending Knuz ens rica mags sins. en setti þa eptir til rikis i Noregi Hacon iarll son sinn oc systorson

Knuz ens rica. En síþan er Olafr digri com i Noreg. þa toc hann fyrst hondum Hacon iarll oc setti hann af rici. sva sem fyrr var ritað. For þa Hacon til Knuz moðorbroðor sins. oc hafði verit með honom alla stund síðan til þess er her er comit savgvnni. Knvtr enn riki hafði unnit England með orrostom oc bariz til. oc hafði hann þar haft langt starf til aðr en lanzfole hefði honom hlyðit orðit. En er hann þottiz fulkominn þar til lanzstiornar. þa minntiz hann hvat hann þottiz eiga þess rikis er hann hafði eigi sialfr varðveizlo ifir. en þat var riki i Noregi. hann þottiz eiga at erfðum Noreg allan. En Hacon systorson hans þottiz eiga suman. oc þat með at hann þottiz með svivirþing latit hafa. Sa var oc einn lutr til þess er þeir Knvtr oc Hacon havfðv kyrrv halldit um tilkall rikis i Noreg. at þa fyrst er Olafr Harallz son com i land. hlio(p) upp allr mvgr oc margmenni oc villdi ecki heyra annat en Olafr scyldi vera konungr ifir landi ollo. en þa síðan er menn þottoz verþa vsialfraðir fire riki hans. þa leitvðv sumir braut 'or landi. havfþv farit mioc margir rikismenn a fund Knvz konungs eða rikir buanda synir. oc gefit ser ymist til grenda. en hverr þeirra er com a fund Knvz konungs oc hann villdi þyðaz. þa fengv af honom fullar hendr fjar. Matti þar oc sia miclo meiri tign en i oðrom stoddom boði af fiolnenni því er þar var sidøgris. oc vmbunaði þeim avðrom er þar var í þeim herbergiom er hann atti oc hann var sialfr i. Knvtr enn riki toc scatt oc sculld af þeim þioðlondum er avðgust voro a Norðrlondum. En þeim aullum mvn er hann atti meiri scylldir at taca en aðrir konungar. þa gaf hann oc meira en hverr<sup>1</sup> konunga annarra. J ollo riki hans var friðr sva goðr at engi þorði þar a at ganga. en sialfir lanz menn hosðo frið oc fornan lanz rett. Af slicv fecz frægð 'mikil um aull lond. En þeir er af Noregi como kerðv ufrelsi sitt margir oc tiaðo þat fire Haconi iarli. en sumir fire sialfum Knvti konungi. at Noregs menn mvndv þa vera bunir til at hverfa apr vndir Knvt konung oc iarll. oc þiggia at þeim frelsi sitt. Þessar røðvr fellvz iarli vel i scap. oc kerði hann fire Knvti konungi oc bað hann leita eptir ef Olafr konungr villdi upp gefa ribit fire þeim eða miðla með sattmali nockoro. varv her margir flutningarmenn með iarlinom.

#### Fra Knvti.

120. Knvtr enn rici sendi menn vestan af Englandi til Noregs. oc var þeirra ferð buin allvegliga. haufðu þeir bref oc insigli Engla konungs. þeir komo a fund Olafs konungs Harallz sonar um varit i

<sup>1</sup>) r. f. hvers



Tunsbergi. En er konungi er sagt at þar ero comnir sendimenn Knvz konungs ens rica. þa verðr hann styggr við. segir sva at Knvtr myndi enga menn þangat senda með þeim þrendum er honom eða hans monnom myndi gagn i vera. oc var þat nackvara daga er sendimenn naðo ecki fundi konungs. En er þeir fengv lof til at mæla við hann. þa gengv þeir síre hann oc barv fram bref Knvz konungs oc savgðv erendi þau sem fylgðv. at Knvtr konungr kallar sina eignn a Noregi avllom. oc telr at hans forellrar hafa þat rici haft síre honom. En síre þeim socom at Knvtr konungr vill frið biðða til allra landa. þa vill hann eigi herscilldi fara til Noregs. ef annars er af kostr. En ef Olaftr Harallz son vill vera konungr ísír Noregi. þa fari hann a fund Knvz konungs oc taki landit i len af honom oc geriz hans maðr oc gialldi honom scatta slicca sem iarlal gulldo fyrr. Síþan baro þeir bref fram oc saugðo þau allt slict et sama. þa svaraði Olaftr konungr. þat hefi ec heyrtr sagt i fornóm frasogno. at Gormr Dana konungr þotti vera gilldr þiððkonungr oc reð hann síre Danmorco einni. en þessom Dana konungom er síðarr hafa verit þyccir þat ecki einlitt. Er nv sva komit at Knvtr reðr síre Danmorco oc síre Englandi. oc hefir hann þo nv vndir sic brotit mikinn luta Scotlanz. Nv callar hann til gttleifðar minnar i hendr mer. kunna scylldi hann hof at um síðir um agirni sina. eða hvart man hann einn etla at raða síre aullum Norðr-londum. eða man hann einn etla at eta kal allt a Englandi. fyrr man hann þvi afa en ec færa honom havfvð mitt eða veita honom neina lotneng. Nu scolot ér honom segia þau min orð. at ec man veria oddi oc eggio Noreg meðan mer endaz lifdagar til. en giallda engum manne scalt af riki mino. Eptir þenna orscurð bioggvz i brot sendimenn Knvz konungs. oc varv eigi erendi fegnir. Sigvatr scald hafði verit með Knvti konungi. oc gaf Knvtr konungr honom gullhring þann er stoð halfa morc. þa var þar oc með Knvti konungi Bersi Scaldtorfo son. oc gaf Knutr konungr honom .ii. gullhringa oc stoð hvarr halfa morc. oc þar með sverð buit. Sva qvað Sigvatr.

Knutr hefir ocr enn itri	þer gaf hann morc eða meira
alldaðgaufugr baðum	margvitr oc hior bitran
hendr er hilmi fundum	gullz røðr gaurfa aullo
hva scrautliga bunar.	guð sialfr en mer halfa.

Sigvatr gerði at athvarfi við sendimenn Knuz konungs oc spurði þa margra tíðinda. þeir saugðv honom slict er hann spurði. Sigvatr spurði at viðrøðum þeirra konungs oc sva fra ørendis locom. þeir saugðo at konungr hefði þungliga tekit þeirra malum. oc vitom ver eigi savgðo þeir af hveriom hann hefir traust til sliccs. at neita þvi at

geraz maðr Knuz konungs oc fara a fund hans. oc mundi sa hans costr beztr. því at Knutr konungr er sva milldr. at alldregi gera hofðingiar sva stort til við hann. at eigi gefi hann þat allt upp. þegar er þeir fara a fund hans oc veita honom lotning. Var þat nu fire scomino er til hans como .ii. konungar norðan af Scotlandi af Fifi. oc gaf hann þeim upp reiði sina. oc laund þau aull er þeir hofðv aðr att oc þar með storar vingiafar. þa qvað Sigvatr.

Hafa allframir iofrar  
ut sin haufuð Knvti  
ferð or Fifi norðan  
fridcaup var þat miðio.

selldi Olafr alldri  
opt va sigr enn digri  
haus i heime þvisa  
hann aungum sva manni.

Sendimenn Knuz konungs foro aptr leið sina. oc byriaði þeim vel um hafit. foro þeir siðan a fund Knuz konungs oc sogðv honom ørendisloc sin. oc sva þau alycðar orð er Olafr konungr melti siðarst við þa. Knutr konungr svaraði. Eigi getr Olafr rett ef hann etlar at ec mona vilia einn eta kal allt a Englandi. ec monda vilia helldr at hann fyndi þat at mer byr fle(i)ra innau rifa en kal eitt. því at heðan scolo honom coma caulld rað undan hverio rifi. þat sama sumar como af Noregi til Knuz konungs Aslacr oc Scialgr synir Erlings af Jaðri. oc fengu þar goðar viðtocor. því at Aslacr atti Sigriði dottor Sveins iarls Haconar sonar. varu þau brøðra bornn oc Hacon Eirics son. Fecc Knutr konungr þeim brøðronom veizlor storar þar með ser oc varv mikils virðir.

#### Fra Olafi konungi.

121. Olafr konungr stefndi til sin lendom monnom oc fiolmenti mioc um sumarit. því at þau foro orð um at Knutr enn riki myndi fara vestan af Englandi um sumarit. þottvz menn þat spyria af caupscipum þeim er vestan komo. at Knutr myndi saman draga her mikinn a Englandi. En Olafr konungr var um sumarit i Vikinni oc hafði menn a niosn ef Knutr konungr kæmi til Danmarcar. Olafr konungr sendi menn um haustit austr til Sviðiodar a fund Aunundar konungs mags sins. oc let segia honom orðsendingar Knuz konungs oc tilkall þat er (hann) hafði við Olaf um Noreg. oc let þat fylgia at hann hugði. ef Knutr legði Noreg undir sic. at Aunundr myndi lilla rið þaðan fra i friði hafa Sviavelli. oc callaði þat rað at þeir Avnundr byndi saman rað sin oc risi möti. oc sagði at þa scorti eigi styrc til at hallda deilo við Knut konung. Aunundr konungr toc vel orðsending Olafs konungs. oc sendi þau orð i mot at hann vill leggja felagsscap.

af sinni hendi við Olaf konung. sva at hvarr þeirra veite auðrom styrc af sino rici hvarr sem fyrri þarf. Þat var oc i orðsending milli þeirra at þeir scyldv finnaz oc gta rað fire ser. Ettaði Avnundr konungr at fara um vetrinn eptir ifir et vestra Gautland. en Olafr konungr efnaði ser til vetrseto i Sarpsborg. Knutr enn rici com þat haust til Danmarcar oc sat þar um vetrinn með fiolmenni mikit. Honom var sagt at menn oc orðsendingar hefði farit milli Noregs konungs oc Svía konungs. oc þar myndo storreði vndir bva. Knutr konungr sendi menn um vetrinn til Sviðioðar a fund Aunundar konungs. sendi honom storar gíafar oc vinmgli. sagði sva at hann mætti vel kyrr sitia um deilor þeirra Olafs digra. því at Aunundr konungr segir hann oc rici hans scal i friði vera fire mer. En er sendimenn komo a fund Aunundar konungs. þa baro þeir fram gíafar þær er<sup>1</sup> Knutr konungr sendi honom oc vinattv hans með. Aunundr konungr toc þeim røðum ecki flíott. oc þottvz sendimenn þat a finna at Aunundr konungr myndi vera mioc snuenn til vinattv við Olaf konung. Foro þeir aprt oc savgðv Knvti konungi ørendisloc sin oc þat með at þeir baðo hann øngrar vinattv venta af Aunundi konungi.

#### Saga þoris hvndz oc Carla.

122. Vetr þann sat Olafr konungr i Sarpsborg oc hafði fiolmenni mikit. þa sendi hann Carla enn haleysca norðr i land með ørendum sinum. For Karli fyrst til Upplanda. síðan norðr um fiáll. com fram i Niðarosi. toc þar fe konungs sva mikit sem hann hafði orð til send. oc scíp gott þat er honom þotti vel til fallit ferðar þeirrar er hann hafði fyrir etlat. en þat var at fara til Biarmalanz norðr. Var sva etlat at Karli scyldi hafa felag konungs oc eiga halft fe hvarr við annan. Karli hellt scípino norðr a Halogaland snemma um varit. rez þa til ferðar með honom Gunnsteinn broðir hans. oc hafði hann ser caupeyri. þeir varv ner halfum þriðia tigi manna a scípi því. foro þegar um varit snemmendis norðr a Morkina. þorir hundr spurði þetta. þa gerði hann menn oc orðsending til þeirra brøðra. oc þat með at hann etlar at fara um sumarit til Biarmalanz. vill hann at þeir hafi samflot oc hafi at íafnaði þat er til fengiar verðr. þeir Karli sendv þav orð i moti at þorir scyli hafa halfan þriðia tog manna sva sem þeir hafa. vilia þeir þa at af fe því er sez so scípt at íafnaði milli scípanna fire utan kaupeyri þann er menn hosðv. En er sendimenn þoris como aprt. þa hafði hann fram latit setia langscíp buzo

<sup>1</sup>) r. f. en

micla er hann atti oc latit bua. hann hafði til scips þess huscarla sína oc voro a scipino nær átta lígom manna. Hafði þorir einn forrað líðs þess oc sva auðon þa alla er fengiz i ferðinne. En er þorir var buinn, hellt hann scipi sino norðr með landi. oc hitti þa Karla norðr i Sandveri. Síðan foro þeir allir saman oc byriaði vel. Gunnsteinn ræddi um við Karla broðor sinn þegar er þeir þorir hiltvz. at honom þotti þorir vera hollzti siolmennr. oc etla ec seger hann at þat vere raðligra. at vor snerim aptr oc forim ecki sva at þorir gætti alla costi við oss. því at (ec) trui honom illa. Karli svaraði. Eigi vil ec aptr hverfa. en þo er þat satt ef ec hefða vitat þa er ec var heima i Langey at þorir hundr mvndi coma i ferð vara með líð sva mikit sem (hann) hefir. at ver mendum hafa haft fleira manna með oss. þeir bróðr ræddv þetta við þori oc spurðu hverio þat gegndi er hann hafði menn miclo fleire með sér en sva sem orð haufðv um farit. Hann svarar sva. Ver hofam scip mikit oc líðscyft. þycci mer oc i hascaforom slicom eigi goðum dreng aukit. Foro þeir um sumarit optaz a þannig sem scip gengu til. þa er byrlett var gecc meira scip þeirra Karla. sigldv þeir þa undan. en þa er hvassara var sotto þeir þorir þa epter. varv þeir sialdan aller saman en vissosc þo til íafnan. En er þeir como til Biarmalanz. þa laugðu þeir til kaupstaðar. tocz þar caupstefna. fengu þeir menn allir fullreði fiar. er se hoðv til at veria. þorir fekc of grauoro oc bior oc safala. Karli hafði oc allmikit se þat er hann keypti scinna voro með. En er þar var lokit caupstefna. þa helldv þeir ut epter anni Vino. var þa sundr sagt friði við lanz menn. En er þeir komo til hafs ut. þa eigu þeir sciparastefnu. spyrr þorir ef monnom se nackvarr hugr a at ganga upp a land oc fa sér fiar. Menn svoroðu at þess varv fusir ef sefong leggi bryn fire. þorir sagði at se mondi faz ef ferð sv tækiz vel. en eigi ovent at mannhætta geriz i ferðinne. Aller saugðv at til villdv raða ef fiarvan veri. þorir sagði at þannoc veri þar hattat. þa er auðger menn aundvðvz. at lausafe scylldi scipta með enom davða oc avrfum hans. scylldi hann hafa halst eða þriðivng. oc stundum minna. þat se scylldi bera ut i scoga stundum i hauga oc ausa við molldo. stundum varv hus at ggr. Hann sagði at þeir scylldv buaz til ferðariunnar at kvelldi dags. sva var meyllt at engi scylldi renna fra auðrom. engi scylldi oc eptir vera þa er styrimaðr sagði at a braut scylldi. þeir leto menn eptir at geta scipa. en þeir gengu á land upp. voro fyrst veller sletter. en þar næst more mikil. þorir gecc fyrir en þeir bróðr Karli oc Gunnsteinn síðarst. þorir<sup>1</sup> bað menn fara líðsamliga. oc hleypit af

<sup>1</sup>) r. f. þorið

trianom berci. sva at hvert tre se fra avðro. þeir komo fram i riodr eitt mikil. en i riodrino var sciðgarðr hár. oc hurð fire læst .vi. menn af lanz monnom scylldo vaca ifir sciðgarðinom hveria nott sinn þriðivng hverir .ii. þa er þeir þorir como til sciðgarzins. voro vavkvmen heim gengnir. en þeir er þar nest scylldo vaka voro eigi comnir a vordinn. þorir geck at sciðgardinom oc krœði upp a øxinne. las sec upp eptir. for sva inn um garðinn avðrom megin hliðsens. Hafði Karli þa oc komiz ifir garðinn avðrom megen hliðsens. Como þeir iafnsnemuna til hurðarinnar. loco þa fra slagbranda oc lvkv upp hurðina. gengu menn þa inn i garðinn. þorir melti. J garði þessom er havgr. hrægt allt saman gull oc silfr oc molld. scolo menn þar til raða. en i garðinom stendr goð Biarma er heitir Jomali. verði engi sva diarfr at hann reñi. Siðan ganga þeir a hauginn oc toc(o) se sem mest matto þeir oc baro i kleði sin. fylgði þar molld mikil sem van var. Siðan mellti þorir at menn scylldi a braut fara. sagði hann sva. Nv scolo þit breðr Karli oc Gunnsteinn fyrst fara en ec man siðar(s)t. Snero þa allir ut til hliðsens. þorir veic aprt til Jomala oc toc silfrbolla er stoð i kn(i)am honom. hann var fullr af silfrpenningum. steypði hann silfrin v i killting sina. en dro a hond ser havddv er ifir var bollanom. gece þa ut til hliðsins. þeir foronautar voro þa allir comnir ut or sciðgarþinom. vrðo þa varir við at þorir hafði eptir dvallz. Karli hvarf aprt at leita hans. oc hittvz þeir fyrir innan hliðit. sa Karli at þorir hafði þar silfrbollann. Siðan rann Carli at Jomalanom. hann sa at digrt men var a halsi honom. Karli reiddi til øxina oc hio i sundr tygil aptan a halsinom er menit var fest við. varð havgg þat sva mikil at havfuð hraut af Jomala. varð þa brestr sva mikill at ollom þotti undr at. toc Karli menit. foro siðan i brot. En iafnskiott sem bræst(r)inn hafði orðit. como fram i riodr it varðmenninir oc blesu þegar i hornn sin. þvi næst heyrðv þeir (blasit) alla vega fra ser. sotto þeir þa fram at scoginom oc i scoginn. en heyrðv til riodrins aprt op oc kall. voro þar Biarmar comnir. þorir hundr gece siðarst allra manna sins liðs. .ii. menn gengv fire honom oc baro milli sin seck. þar var i þvi licast sem asca. þar toc þorir i hendi sinne oc seri þvi eptir i sloðna. stundum kastaði hann þvi fram ifir liðit. Foro sva fram or scoginom a vavlluna. þeir heyrðv at herr Biarma for eptir þeim með kalli oc illiligri gavlan. þusto þeir þa fram or scogenum eptir þeim oc sva a tver hliðar þeim. en hvergi como þeir sva nær þeim eða vapn þeirra at mein yrði at. en þat kavnnvðv þeir af at Biarmar seþi þa ecki. En er þeir komo til scipanna. þa gengv þeir Karli fyrstir a scip. þvi at þeir voro fremstir adr. en þorir var lengst a landino. þegar er þeir

Karli komv a scip sitt. cavstuðv þeir liolldum af ser oc slogu festum. Síðan drogv þeir segl sitt upp. gæcc scipit bratt ut a haf. En þeim þori tocþ allt seinna. var scip þeirra oavðraðnara. En er þeir toco til segls. þa voro þeir Karli comnir langt undan landi. sigldv þa hvarirtveggio ifir Gandvic. Nott var þa enn lios. sigldv þeir þa beði nętr oc daga allt til þess er þeir Karli lavgðo aptan dags at eyiom nockorom. lavgðv þeir segl oc kostodo akcerom oc biðv þar straumfallz. þvi at raust mikil var fire þeim. Þa coma þeir þorir eptir. leggiar þeir um akceri. síþan scutu þeir hati. gekc þorir þar á oc menn með honom. oc rerv til scips þeirra brøðra. Gekc þorir upp a scipit. þeir brødr heilsuðv honom vel. þorir beiddi Karla selia ser menit. þycciomc ec macligast at hafa costgripi þa er þa(r) varv tecnir. þvi at þer nvtvð min við. er undankvama var með øngum manhasca. en mer þottir þv Karli styra oss til ens mesta vaða. Þa svarar Karli. Olafur konungr a fe þat allt at helmingi er ec afla i ferð þessi. nu etla ec honom menit. far þu a fund hans. ef þu vill. kann þa vera at hann fai þer menit. ef hann vill fire þvi eigi hafa ef ec toc þat af Jomalanom. Þa segir þorir. at hann vill at þeir fari upp a eya oc scipli fengi sino. Gunnsteinn svarar. segir at þa scipli straumum. oc mal veri at sigla. Síðan draga þeir upp strengi sina. En er þorir sa þat. for hann ofan a batinn. rerv þeir til scips sins. þeir Karli hofðv þa dregit segl sitt. oc voro lang(t) comnir aðr þeir þorir hefði um siglt. voro þeir Karli avallt fremri oc hofðv hvarirtveggio við slict er matti. þeir foro sva til þess er þeir komv i Geirsver. þar er bryggiolegi fyrst er norðan ferr. þar komo þeir hvarirtveggio aptan dags. oc laugðv þar til hafnar i bryggiolegi. Lagu þeir þorir inn i haufninni. en þeir Karli varv i vtanverðri haufninni. En er þeir þorir haufðv tialdat. þa goko hann a land upp oc þeir mioe margir saman. foro þeir til scips Karla. haufðv þeir þa um buiz. þorir kallaði vt a scipit oc bað styrimenn a land ganga. þeir brødr gengv a land oc nackvarir menn með þeim. þa hof þorir ena somo røðv. at hann bað þa a land ganga oc bera fe til sciptis er þeir hofðv tekit at herfangi. þeir brødr savgðv at engi var navðsyn a þvi fyrr en menn kōni heim i bygd. þorir segir at þat var ekci síðvenia at scipta herfangi eigi fyrr en heima. oc hetta til sva um einorð manna. þeir røddv um þetta nockorom ordum oc þotti sinn veg hvarom. Þa sneri þorir a braut. en er hann var scamt genginn. þa veic hann apr oc melti at foronautar hans scy(t)do biða hans. Hann callaði a Karla. Ec vil tala við þic einmęli segir hann. Karli gekc i moti honom. en er þeir hittvz lagði þorir spioti til hans a honom miðiom. sva at i gegnum hann stod.

Þorir melti. Kenna mattv þar Karli einn Biarceyinginn. hugða ec oc at þu scylldir kenna spiotit Selshefni. Karli do þegar. en þeir Þorir gengv þegar i brot til scips sins. þeir Gunnsteinn sa fall Carla. rvnno þeir þegar til oc toco likit. baro til scipsins. brvgðv þegar tioldum oc bryggiom oc heimtvz fra landi. Siðan drogo þeir segl oc foro leið sina. Þeir Þorir sa þat. þa reca þeir af ser tioldin oc buaz sem akafligast. En er þeir drogo seglit. þa gecc i svndr stagit. for seglit ofan þverscipa. varþ þeim þori þat dvol mikil aðr þeir kœmi up avðro sinni seglino. voro þeir Gvnsteinn þa langt comnir er scriðr var at scipi þoris. Gærv þeir Þorir beði sigldv oc rerv undir. Slict sama gerðv þeir Gvnsteinn. Foro þa hvarirtveggio sem scyndiligast dag oc nott. dro seint saman með þeim. þvi at þegar er eyiasvndin toco til. þa varð mivcara at vikia Gunnsteins scipi. en þo drogo þeir Þorir eplir. sva at þa er þeir Gunnsteinn como fire Lengiovic. þa snva þeir þar at landi oc liopu upp af scipino oc a land upp. En litlo siðarr coma þeir Þorir þar oc laupa upp eptir þeim oc ellta þa. Kona ein gat holpit Gunnsteini oc folgit hann. oc er sva sagt at sv veri folkvunnig mioc. oc foro þeir Þorir aprt til scips. toco fe þat allt er a var scipino Gvnsteins en baro griot i staðinn. fluttv scipit ut a siordinn. hioggv a rauf oc savcðo niðr. Siðan foro þeir Þorir heim til Biarceyar. þeir Gvnsteinn foro fyrst mioc huldv haufði. fluttuz a smabatom. foro um nętr en lagv um daga. foro sva til þess er þeir como fram um Biarcey oc allt til þess er þeir como yr syslu þoris. For Gvnsteinn fyrst heim i Langey oc dvalðiz þar scamma stund. for hann þa þegar suðr a leið. letti hann eigi fyrr en hann com suðr i Þrandheim. oc hitti þar Olaf konung oc sagði honom tiðindi slic sem orðin voro i Biarmalanz ferþinne. Konungr let illa ifir þeirra ferð oc bavð Gunnsteini með ser at vera. oc sva þat at hann scylldi leiðretta mal Gvnsteins þa er hann melli við comaz. Gunnsteinn þecðiz þat boð oc dvalðiz hann (með) Olafi konungi.

(Fundr konunga).

123. Sva var sagt fyrr. at Olaf konungr var þann vetr austr i Sarpsborg. er Knutr enn riki sat i Danmorc. Aunundr konungr reið þann vetr ifir vestra Gavtland oc hafði meirr en .xxx. hvndroð manna. foro þa menn oc orðsendingar milli þeirra Olafs konungs. Gærv þeir sin i milli stefnolag. at þeir scylldv hittlaz vni varið við Konungahello. Frestuðv þeir fundinom fire þa soc at þeir villdv vita aðr þeir fyndiz hveria tiltekio Knvtr hefði. En er a leið varit bioz Knvtr konungr

með liði sino at fara vestr til Englanz. hana setti eptir i Danmorc Haurðaknut son sinn. oc þar með honom Ulf iarll son þorgils spracalegs. Vlfr atti Astríði dottor Sveins konungs en systor Knvz ens rica. þeirra son var Sveinn er síþan var konungr ifer Danmorco. Vlfr iarll var enn mesti merkismaðr. Knutr enn ríki for vestr til Englanz. En er þat spurðv konungar Olafr oc Avnundr. þa foro þeir til stefnunnar oc hittvz i Elfi við Konungahello. varð þar sagnafundr oc vinattvnal mikil. sva at þat var bert fyr aldyðo. en þo röddv þeir marga luti sin i milli þat er þeir .ii. visso. oc varþ þat sumt síðarr framængt oc aullom augliost. En at scilnaði konunga sciptvz þeir gíofum við oc scildvz viner. for þa Aunvndr konungr upp a Gautland. en Olafr konungr for þa norðr i Vikina oc síðan ut a Agðir oc sva norðr með landi. oc la hann mioc lengi i Eikunda sundi oc beið byriar. Hann spurði at Erlingr Scialgs son oc Jaðarbyggvar lagu i samnaði oc hófðu her mannz. þat var einn dag at menn konungs röddv sin i milli vm veðr. hvart vere sunnan eða utsynningr. eða hvart þat veðr vere segltægt eða eigi fyr Jaðar. taulðv þat flestir at usigl- anda vøre. þa svaraði Halldorr Bryniolfs son. þat monda ec etla sagði hann. at siglanda myndi þetta þyccia veðr fire Jaðar. ef Erlingr Scialgs son hefði veizlo bvit fire oss a Sola. þa melti Olafr konungr at scylldi lata tioldin oc leggja ut sciponom. var sva gort. Sigldv þeir þann dag fire Jaðar oc dvgði veðr et bezta. lavgþu at um kvellit i Hvitings ey. for konungr þa norðr a Haurðaland oc for þar at veizlom.

#### Dráp þoralfs.

124. Vár þat hafði farit scip af Noregi ut til Fęreyia. a því scipi foro orðsendingar Olafs konungs til þess at koma scylldi utan af Fęreyiom einahverr þeirra hirðmanna hans. Leifr Avzvrar son eða Gilli lavgsogomaðr. eða þoralfr or Dimon. En er þessi orðsending com til Fęreyia oc þeim var sagt sialfum. þa røða þeir sin i milli hvat undir man bua orðsendingunni. oc com þat a samt með þeim. at þeir hugðv at konungr myndi vilia spyria epter um þau tíðindi er sumir menn hófðu fire satt at þar myndo gorðz hava i eyionom. um misfarir sendimanna konungs þeirra tveggi(a) scipsagnanna er engi maðr hafði af komiz. þeir reðv þat af með ser at þoralfr scylldi fara. reð hann til oc bio byrðing er hann atti oc aflaði þar til manna. voro þeir menn a scipi .x. eða .xii. Enn er þeir voro bunir oc biðv byriar. þa var þat tíðinda i Avstrey i Gauto at þrandar. at einn goðan veðr- dag gece þrandr inn i stofo. en þar lagu i stofopollom broðor synir



hans .ii. Sigurðr<sup>1</sup> oc Þorðr. þeir voro þorlacs synir. enn þripi var Gavtr enn ravpi. hann var enn frændi þeirra. Allir voro þeir fóstrar þrándar górviligr menn. Var Sigurðr ellztr þeirra oc fyrir þeim mest i avllo. Þorðr átti kenningarnamn var hann callaðr Þorðr enn lági. hann var þo manna hæstr. oc var hitt þó meirr at hann var þrec-  
ligr oc ramr at asli. þa mælti þrandr. Mart scipaz a mannz gfi. otitt var þat þa er ver vorom ungir. at scylldo sitia eþa liggia veðrdaga gøþa þeir er ungir voro oc til allz vel færir. mynnði þat eigi þyckia licliect enom fyrrom mavnnom. at þoralfr ór Dimun myndi vera þrosca-  
maðr meiri helldr en ér. en byrþingr sa er ec hefi átt oc hann stendr í navsti glla ec at nv gioriz sva forn at fvni vndir bráþino. er her hvs hvert fvlit af vllo oc verþr ecki til verþs halldit. myndi eigi sva ef ec vera nocorom vetrom yngri. Sigurðr hlióp vpp oc hét a þa þorð oc Gavt qvaz eigi þola fryio þrandar. ganga þeir vt oc þar til er huscarlar voro. ganga þeir til oc setia fram byrþing. leto þeir þa flytia til farm oc hloþo scipit. scorti þar eigi heima farm til. sva reipi allr með scipi. bioggv þeir þat a sam dagom. voro þeir oc menn .x. eþa .xii. a scipi. Toco þeir þoralfr vt eitt veþr allir. vissvz til iafnan i hafno. þeir como at landi i Hernom aptan dags. lavgþo þeir Sig-  
urþr vtarr við strondina oc var þo scamt milli þeirra. þat varþ til tíþenda of aptan er myret var oc þeir þoralfr gtlvþu til recna bvaz. þa geck þoralfr a land vpp oc annarr maðr með honom. leitþo þeir ser stapar. Enn er þeir voro bvnir ofan at ganga. þa sagþi sva sa er honom fylgþi at castað var elgði yfir havfvð honom. var hann tekinn vpp af iorþv. i þvi bili heyrði hann brest. síþan var farit með hann oc reidr til fallz. en þar var vnndir sgr oc var hann keyrðr a kaf. enn er hann comz a land. for hann þar til er þeir þoralfr havfðo sciliz. hitti hann þoralfr oc var hann clofnn í herþar niþr oc var þa davþr. Enn er scipverar vrþo þessa varir. þa baro þeir lic hans vt a scip oc nattsetto. þa var Olafr konungr a veizlo i Lyggro. voro þangat orþ gor. var þa stefnt avrvarþing oc var konungr a þingi. hann hafþi þangat stefna latið þeim Fereyingom af þapum scipum. oc voro þeir til þings comnir. Enn er þing var sett. þa stoþ konungr vpp oc mælti. þav tíþendi ero her orþin er þvi er betr at slic ero sialldget. her er af lifi tekinn goþr dreingr oc hyggio ver at saclavsa se. eþa er nockorr sa maðr a þingi er þat kunni at segia hverr valldi er vercs þessa. En þar gec engi við. þa mælti konungr. Ecki er þvi at leyna hverr minn ahvgi er vm vero þetta. at ec hygg a hendr þeim Fereyingom. þycki mer þannig hellzt at vnnit sem Sigurðr þorlacs

<sup>1</sup>) med dette Ord begynder en anden Haand i Codex.

son myndi hafa vegit manninn. en þorðr enn lagi myndi hinn hafa fært a kaf. En þat fylgir at ec mynda þess til geta at þat mynndi til saka vera fvndit. at þeir myndi eigi vilia at þoralfr segði eptir þeim odáþir þer er hann muni vitat hafa at satt er. en oss hefir verit grunr a um morþ þav oc illvirki. at sendimenn minir hafi þar verit myrðir. Enn er konungr hętti røþo sinni. þa stoð upp Sigurðr þoralacs son. hann męllti. Ecki hefi ec talat fyrr a þingom. ęlla ec mic mvnu þyckia ecki orþfiman. en þo ęlla ec erna navðsyn til vera at svara noccoro. Vil ec þess til geta. at røþa þessi er konungr befir uppi haft myni vera comin vndan tungorotom þeirra manna er miclo ero vvitari en hann oc verri. en þat er ecki leynt at þeir mvno vilia vera fulliga varir vvindir. er þat olicliga męllt at ec mynda vilia vera skapamaðr þoralfs. þvi at hann var fostbroþir minn oc goþr uinr. Enn ef þar veri noccor avnnor efni i oc veri sacar milli ockar þoralfs. þa em ec sva viti borinn at ec mynda heldr til þessa vercs hętta heima i Føreygiom enn her vndir hanndariaþri yprom konungr. Nu vil ec þessa mals synia fyrir mic oc fyrir oss alla scipveria. vil ec þar biðþa fyrir eiða sva sem lavg yðor standa til. enn ef yðr þyckir hitt i nockoro fvllara þa vil ec flytia iarnburþ. vil ec at er set sialfr við scirslona. Enn er Sigurðr hętti røþo sinni. þa vrðo margir menn til slutnings oc baþo konung at Sigurðr scylldi na vndanførslo. þotti Sigurðr vel hafa talat oc qvaþo hann vsannan myndo at vera þvi er honom var kent. Konungr svarar. Um þenna mann mun storom scipta. oc ef hann er loginn þesso mali þa mon hann vera goðr maðr. enn at avþrom costi þa mun hann vera nockoro diarfari en dæmi mvnu til vera. oc er þat eigi miþr mitt hugboð. en þo get ec at (hann) beri ser sialfr vitni vm. Enn við þen manna þa toc konungr festo af Sigurði til iarnburþar. scylldi hann coma eptir of daginn til Lifro. scylldi byscop þar gera honom scirslona. oc sleit sva þingino. For konungr aptr til Lyfro. enn Sigurðr oc þeir favronavtar til scips sins. Toc þa bratt myrkva af nott. þa męllti Sigurðr við þa favronavta. þat er satt at segia at ver havfum comit i mikit vennqveþi oc orþit fyr mikilli alygi. er konungr sia bravgþottr oc velraþr. oc mun avðser varr costr ef hann scal raða. þvi at hann let fyrst drepa þoralf. en hann vill nu gera oss at obotamavnnom. er þeim litið fyrir at villa iarnburþ þenna. Nv ęlla ec þann verr hafa er til þess hęttir við hann. Nu legz innan eptir sundino siallagol nackvat. ręð ec þat at ver vinndim segl vart oc stefnum vt a haf. Fari þrandr annat svmar með ull sina ef hann vill selia. Enn ef ec comvmz a bravt. þa þycki mer þess van at ec coma alldri siþan til Noregs. þeim favronavtom þotti þetta sniallręþi. taca þeir oc setia vpp segl

sitt oc lata ganga of nottina i haf ut sem mest megu þeir. letta þeir eigi fyrr en þeir comv heim til Føreyia i Gavto. Let þrandr illa yfir ferþ þeirra. þeir svoroþo eigi vel oc voro þo heima með þrandi.

Fra Olafi konungi.

125. Bratt spvrþi Olafur konungr þat er þeir Sigurþr voro bravt farnir. oc lagþiz þa þungr orþromr á of þeirra mal. voro þeir margir er þa kavilloþo þess van. at þeir Sigurðr voro savnno sagþir. er aþr havþu syniat fyrir hann oc meþllt i mot. Olafur konungr var faroþinn of þetta mal. en hann þottiz vita sannendi a þvi er aþr hafþi hann grvnat. Før konungr þa ferþar sinnar. toc veizlor þar er fyrir honom voro gorvar. Olafur konungr heimti til mals við sic þa menn er comnir voro af Jslandi. Þorodd Snorra son. Gelli Þorkels son. Stein Scapta son. Egil Hallz son. þa toc konungr til mals. Ér hafit i svmar vacit við mik þat mal at er villdvð bvaz til Jslandz ferþar. enn ec hefi veit eigi orslit hingat til vm þat mal. Nu vil (ec) segia yðr hvernig ec etla firir. Gellir þer etla ec at fara til Jslandz ef þv villt bera þangat orenndi min. en aþrir islenzcir menn þeir sem her ero nu. þa muno avngir til Jslandz fara fyrr en ec spyr hvernig þeim malvm er tecit er þu Gellir skalt þangat bera. En er konungr hafþi þetta vpp borit. þa þotti þeim er fvsir voro ferþarinnar oc bannat var svrscapr mikill hafðr við sic oc þotti seta sin ill oc vfrelsi. En Gellir bioz til ferþar oc for of svmarit til Jslandz oc hafði með sér orðsenndingar þer þangat er hann slutti fram annat sumar a þingi. En su var orðsennding konungs at hann beiddi þess Jsleendinga. at þeir scylldo við þeim lavgum taka sem hann hafþi sett i Noregi. enn veita honom af landino þegn-gilldi oc nefgilldi. penning fyrir nef hvert þann er .x. veri fyrir alin vaþmals. þat fylgþi þvi at hann het mavnnom vinatto sinni ef þesso vildi iata. en elligar avarcostvm þa sem hann meþti við comaz. Yfir þesso tali sato menn lengi oc reþo vm sin i milli. oc com þetta samt at lycþom með allra samþycki at neita þessi orþsendingo oc sva scatt-giofo(m) oc avllom alavgum þeim (er) crapt var. Oc for Gellir þat sumar utan oc a fund Olafs konungs oc hitti hann þat havst i Vic avstr þa er hann var cominn af Gavtlandi ofan. sva sem ec vęntti at enn scal sagt verþa siþar i savgo Olafs konungs.

.xiii. vetr.

126. Þa er a leið havstit sotti Olafur konungr norþr<sup>1</sup> i þrandheim oc hellt liþi sino til Niþaross oc let þar bua til vetrseto sér.

<sup>1</sup>) r. f. norþan

sat Olafur konungur þenna vetr eptir í cavpangi. Sa var enn .xiii. vetr konungdóms hans.

#### Fra byggving Jamtalan.

127. Ketill ianti het maþur son Avnundar iarls or Sparabui í Þrandheimi. Hann flypi fyrir Eyste(i)ni konungi enom illraþa avstr um Kiol. hann ruddi markir oc bygði þar sem nu heilir Jamtaland. Avstr þangat flypi oc síldi manna ór Þrandheimi fyrir þeim ofripi. þvi at Eysteinn konungur scattgilldi þrændi oc setti þar til konungs hund sinn er Savrr het. Sonar son Ketils var þorir helsingr. við hann er kennt Helsingialand. þar bygði hann. Enn er Haraldr enn harfagri ruddi ríki fyrir ser. þa stucku enn fyrir honom síldi manna ór landi þrændir oc Navmdalir oc giorþuz þa enn bygðir avstr á Jamtalandi. oc foro sumir allt í Helsingialand avstr fra hafno. oc voro þeir lyðscylldir undir Suia konung. Enn er Hacon konungur Aþalsteins fostri var yfir Noregi. þa settiz friþr oc cavpferþir or Þrandheimi til Jamtalan. enn fyrir sacir vinsældu konungs. þa sotto Jamtr avstr a fund hans oc iatþ(o) honom lyðni sinni oc guldo honom scatt. setti hann þeim lagv oc lanz rett. villdu þeir helldr þypaz unndir hans konungs dom en undir Suia konung. þvi at þeir voro af Norþmanna gtt comnir. oc sva giorðu Helsingiar þeir allir er gttapir voro norþan um Kiol. oc hellz þetta lengi síþan allt til þess er Olafur enn digri oc Olafur enn sönsci Svía konungur deilldo of landascipti. þa hurfo Jamtr oc Helsingiar unndir Suia konung. oc reð þa landascipti avstr Eipa-scogr en þa Kilir allt norþr til Finnmercr. Toc Suia konungur þa scatta af Helsingialandi oc sva af Jamtalandi. Enn Olafur Noregs konungi þotti þat comit hafa í sattmal með þeim Svía (konungi). at annan veg scylldi eiga fara scattir af Jamtalandi en at forno hafði verit. En þu hafði langa stund sva staþit. at Jamtr havfþo þa Svía konungi scatt golldit. oc þapan havfþo verit syslomenn yfir landino. Villdo þa oc Suiar ekci heyra annat en undir Suia konung hyrfu allt land þat er la fyrir avstan<sup>1</sup> Kíolo. Var þat sva sem opt ero dæmi. þo at magsemp oc vinatta veri með konungom at þo villdi hvarrtveggi hafa ríki þat allt er hann þottiz nockora tiltavlo eiga. Haf(þi) Olafur konungur latit fara orþ um til Jamtalan. at þat var hans vili at Jamtr veitti honom lyðscylldi. en heitit þeim afarcofum elligar. En Jamtr havfþo gert rað sitt at þeir villdu lyfni veita Svía konungi.

<sup>1</sup>) r. f. avstr

## Fra Steini Scapta syni.

128. Þoroddr Snorra son oc Steinn Scapta son unþo illa er þeir voro eigi sialfræpa<sup>1</sup>. Steinn Scapta son var manna friþastr oc bezt at ser giorr vm iþrottir scald gott scarzmaþr mikill oc metnaþar fvllr. Scapti faþir hans hafþi ort drapo vm Olaf konung oc hafði kennt Steini. var sva ętlal at hann scylldi fara qveþit konungi. Steinn baz eigi orþa oc amęlis við konung bęði sundrlavsum orþom oc samfavlom orþom. baþir voro þeir Þoroddr ovarmęllir. savgþo sva at konungr villdi verr hafa en þeir er sono sina havfþo sennt honom i trvnafi. en konungr lagþi þa i ófrelsi. Konungr reipiz. þat var einn dag er Steinn Scapta son var fyrir konungi oc spurþi hann mals. ef konungr villdi lyþa drapu þeirri er Scapti faþir hans hafþi ort um konung. Hann svarar. Hitt mun fyrst til at þu qveðir þat er þu hefir ort um mic. Steinn segir at þat var ecki er hann hafþi ort. em ec ecki scald konungr segir hann. en þott ec kynna yrkia. þa myndi yþr þyckia þat sem annat um mic helldr litilveglic. Geck Steinn þa a bravt oc þottiz sinna hvar til hann męlti. Þorgeirr het armaþr konungs er reð fyrir bui hans i Orkadal. hann var þa með konungi oc heyrði a røþor þeirra Steins. fór Þorgeirr heim lillo siþarr. þat var a einni hverri nott at Steinn liop a bravt or þenom oc scósveinn hans með honom. foro þeir upp um Gavlaras. sva ut til þess er þeir como i Orkadal. oc at qveldi comu þeir til konungs bus þess er Þorgeirr reð fyrir. bavð Þorgeirr Steini þar at vera um nottina oc spurþi hverio gegndi um farar hans. Steinn bað hann fa ser hest oc sleða með. sa hann at þar var heim ekit corni. Þorgeirr svarar. Eigi veit ec hvernig af stennz um for þina. hvart þu ferr noccot i konungs leyfi. þotti mer fyrra dags ecki mivet<sup>2</sup> fara orð yður konungs. Steinn męlti. Þott ec siac at avngo sialfræði fyrir konungi. þa scal ec ecki sva fyrir þrelom hans. Bra hann sverþi oc drap armann. en hann toc hestinn oc bað sveininn lavpa a bac. en Steinn settiz i sleða. foro þa veginn. oco nottina alla. foro þeir serþar sinnar til þess er þeir como ofan a Møri i Surnadal. Siþan baðo þeir ser flutningar yfir fiordu oc foro sem acalligast. Ecki savgþo þeir vig þetta þar sem þeir comu. enn cavlluduz vera konungs menn. fengu þeir forbeina goðan hvar sem þeir comu. (þeir comu) at qvelldi eins dags i Gizca til bus Þorbergs Arna sonar. var hann eigi heima. en cona hans var heima Ragnilldr dottir Erlings Scialgs sonar. fecc Steinn þar allgoðar viðtecioc. þvi at þar voro aðr kunnleicar miklir með þeim. Sa atburþr hafði aðr orþit þa er Steinn hafði farit af Jslandi. atti hann þa sialfr scip þat

<sup>1</sup>) r. f. sialfræpa    <sup>2</sup>) r. f. mivot

er hann com af hafi utan at Gizca. oc`lagu þar við eyna. þa lá Ragn-  
 illdr oc scylldi lettari verþa oc var allþungt halldin. en prestr var  
 eingi (i eyionni) oc eingi ner. var þa comið til kavpscip(s)ens oc  
 spurt at þar var prestr noccorr. þar var einn prestr a scipi er Brannr  
 het. vestfirzcr vngr maðr oc lærðr helldr litt. Sendimenn baðo prest  
 fara með ser til huss. Honom þotti sem þat myndi vera vanndi mik-  
 ill. en vissi facunnandi sina oc villdi hann eigi fara. þa lagði Steinn  
 orð til við prest oc bað hann fara. Prestr svarar. Fara mun ec ef  
 þu ferr með mer. þycki mer travst at þvi til umraða. Steinn svarar  
 at hann vill þat til leggja. Siþan fara þeir til boiarens oc þar til er  
 Ragnhilldr var. Litto siþar fœddi hon barn. var þat mér oc þotti helldr  
 omattulig. þa scirði prestr barnið. en Steinn hellt meyonni unndir  
 scirn. oc het su mér þora. Steinn gaf meyonni fingrgull. Ragnhilldr  
 hét Steini vinattu sioni. oc hann scylldi þangat coma á hennar fund  
 ef hann þeltiz hennar liðsemþar þurfa. Steinn segir sva at hann (inyndi)  
 eigi fleiri meybavrunum unndir scirn hallda. oc scilðuz þav at sva buno.  
 Ean nu var þar comit at Steinn heimti þessi vilmgli at Ragnhilldi. oc  
 sagði hvat hann hefir hent oc sva þat at hann mon hafa orðit fyrir  
 reiði konungs. Hon segir at matr scal at magni um liðveizlo hennar.  
 bað hann þaðan biþa þorbergs. scipaði honom it næsta Eysteini orra  
 syni sinom. hann var þa .xii. vetra gamall. Steinn gaf gjafar þeim  
 Ragnhilldi oc Eysteini. þorbergr hafði spurt allt um farar Steins fyrr  
 en hann kœmi heim. oc var hann helldr ofrynn. Ragnhilldr geck til  
 mals við hann oc sagði honom um farar Steins oc bað hann taka við  
 Steini oc sia a mal hans. þorbergr svarar. Ec hefi spurt segir hann.  
 at konungr hefir eiga latið orvarþing eptir þorgeir. oc Steinn er  
 ullagðr gorr. sva þat at konungr er enn reidasti oc kann ec mer  
 meiri svinno. en at tacaz a henndr einn utlendan mann oc hafa þar  
 fyrir konungs reiði. Lattu Stein fara bravt heðan sem sciotast. Ragn-  
 hilldr svarar. sagði at þav myndo bæði bravt fara eða bæði þar vera.  
 þorbergr bað hana fara hvert er hon villdi. venni ec þess segir hann  
 þott þu farir at þu comir sciott apr. þvi at her muno vera metorð  
 þin mest. þa gecc fram Eysteinn orri son þeirra. hann mœlti oc sagði  
 sva. at hann mun eigi estir ef Ragnhilldr fœri a bravt. þorbergr segir  
 at þav lysti mikla þverlyndi oc akaflyndi i þesso. oc er þat nu venst  
 at it raðit þesso þo þyckir ycr allmiclo scripta. enn of mioc er þat  
 gtegent Ragnhilldr at virða litils orð Olafs konungs. Ragnhillr svarar.  
 Ef þer vex allmiqc fyrir avgum at hallda Stein. þa far þu sialfr með  
 honom a fund Erlings favðor mins. eþa fa honom þat favroneyti er  
 hann comiz þangat i friði. þorbergr svarar. at hann mun ecki Stein

þangat senda. oc mon Erlingi þo erit mart til handa bera þat er konungi er misþocki á. Var Steinn þar um vetrinn. Enn eptir iol comu sendimenn konungs til þorbergs með þeim orðum. at þorbergr scal coma a fund konungs fyrir miðia favsto. oc er lagt ríct við þessa orðsending. þorbergr bar þat fyrir vini sina oc leitaði raðs. hvart hann scylldi a þa hętto leggja at fara til konungs at sva favrno mali. Enn fleiri lavtto oc kavllodo þat rað at lata fyrr Stein af hendi en at fara a valld konungs. þorbergr (var) hins fusari at leggiaz eigi ferð undir havfuð. Noccoro siðarr fór þorbergr til fundar við Finn broþor sinn. oc bar þetta mal fyrir hann oc bað hann til farar með ser. Finn svaraði. sagði at honom þotti illt ofkvæni slict at þora eigi fyrir cono sinni at hallda einorð við lanardrottin sinn. Cost mundu eiga segir þorbergr at fara eigi. en þo ętla ec at þu letiz meirr fyrir sakir hręzlo en hollosto við konung. Scilþuz þeir reiðir. Siðan for þorbergr a fund Arna Arna sonar broþor sins. oc segir honom þetta mal sva buit oc bað hann fara með ser til konungs. Arni svarar. Vndarlict þycki mer um þic mann sva vitran oc fyrirleitinn. er þu scalt ratað hafa i sva micla vhamingio. at hafa fengit konungs reiði þar er eingi bar navþsyn til. þat vęri noccov varkunn at þu helldir frenda þinn eða fostbroðor. en þetta er allzengi at hafa tekiz a hendr mann islenzcan oc hallda utlaga konungs oc hafa nu þic i veði sialfan oc alla frendr þina. þorbergr svarar. Sva (er) sem męllt er. einn er avcvisi ęttar hverrar. Su ohamingia er mer avðsęst favþor mins. hverso honom glappiz sona eign. er hann scylldi fa þann son siþarst er engi likendi hefir varrar ęttar oc daðlavss er. Myndi þat sannast ef mer þotti eigi við moþor mina scavm męllt. at ec mynda þic alldregi kalla varn broþor. Sneri þa þorbergr a bravt oc for heim oc var helldr ocátr. Siþan sendi hann menn norðr til þrandheims a fund Kalfs broþor sins oc bað hann coma til Agðaness moti ser. Oc er sendimenn hitto Kalf. þa het hann ferþ sinni oc hafþi eingi (orð) fyrir. Ragnhilldr sendi menn avstr a Jaðar til Erlings favðor sins oc bað hann senda ser lið. þaðan foro synir Erlings Sigurðr oc þorir. oc hafði hvarr þeirra tvitogsesso oc a .ix. togo manna. En er þeir comu norðr til þorbergs. þa toc hann við þeim sem bezt oc feginsamlegast. bioz hann þa til farar. oc hafþi þorbergr tvitogsesso. foro þeir þa norðr leið. Oc er þeir como . . . . .<sup>1)</sup> þa lagu þar fyrir Finn oc Arni brøðr þorbergs með .ii. tvitogsessor. Fagnaði þorbergr vel brøðrom sinom oc sagði at þa hafði tekit bryningonni. Finn qvað þess hafa sialdan þurpt við sic. Siþan foro þeir með liði þvi avllo norðr til þrandheims

<sup>1)</sup> Her er et lidet ubeskrevet Rum i Codex.

oc var þar Steinn i for. Oc er þeir comu til Agðaness. þa var þar fyrir Kalfr Arna son. oc hafði hann tvitogssesso vel scipaða. Foro þeir með því liði inn til Niðarholms oc lagu þar um nottina. Eptir um morgininn atto þeir tal sitt. villdi Calfr oc synir Erlings. at þeir færi avllo liði inn til bóiarins oc leti þa s(c)eica at scavpuðo. en Þorberggr villdi at fyrst væri með veggð at farit oc lata boð bioþa. Sampþeþiz Finnrr því oc sva Arni. Var þa þat afraðit, at þeir Finnrr oc Arni foro fyrst til fundar við konung fair menn saman. Konungr hafði þa spurt um siolmenni þat er þeir havðo. oc var hann helldr styggr i røðunni þeirra. Finnrr bavð boð fyrir Þorberggr oc sva fyrir Stein. bavð hann at konungr scylldi se gera svá mikit sem hann villdi. enn Þorberggr hafa lanzvist oc veizlor sinar. Steinn lifs grið oc lima. Konungr svarar. Sva liz mer sem þessi for myni vera heiman gor. at þer munuð nu þyckiaz hafa half rað við mic eþa meirr. En þess mun mic sizt vara af yðr brøðrom. at er myndit með her fara i moti mer. kenni ec rað þessi. at þeir Jadarbyggvar muno hafa upp hafit. En ekci þarf mer se at bioða. þa svarar Finnrr. Ecki havfu ver brøðr fyrir þa save haft liðsamnat. at ver mynim ofrið yðr bioða konungr. helldr berr hitt til at ver viliom yðr konungr fyrst bioða vara þionosto. En ef þer neitið því oc ellið Þorberggi noccora afarcosti. þa muno ver fara allir með lið þat er ver havfum a fund Knutz ens rica. þa leit konungrenn við honom oc mælti. Ef þer brøðr vilið veita mer svardaga til þess at fylgia mer innan landz oc utan lanz oc sciliaz eigi við mic nema mitt lof oc leyfi se til. eigi scoløð ier leyna mic ef þer vituð mer raðin sviergði. þa vil ec taca sètt af yðr. Siðan for Finnrr aptr til liþs sins oc sagði þessa costi er konungr hafði gort þeim. Bera þeir nu saman orþ sin. sagði Þorberggr at hann vill þenna cost fyrir sina havnd. Em ec ofuss sagði hann at flyia af eignom minum oc sœcia til utlendra havþingia. ella ec mer muno avallt at sømp at fylgia Olafi konungi oc vera þar sem hann er. þa svarar Kalfr. Ongva eida mun ec vinna konungi. en vera þa eina hrið i landi er ec halld veizlom minum oc avþrom melordum oc konungr vill vera vin minn. oc er þat minn vili at sva giori ver allir. Finnrr svarar. Til þess mun ec raða. at lata Olaf konung einn raða scildavgom okcar i milli. Arni Arna son segir sva. En ec em raðinn til þess at fylgia þer Þorberggr brøðir. þottu vilir beriaz við konung. þa scal ec eigi við þic sciliaz er þu tekr betra rað. oc mun ec fylgia ycr Finni oc taca þann cost sem þit set ycr til handa. Gengu þeir þa þrir brøðr a eitt scip Þorberggr Finnrr oc Arni oc reru inn til bóiar. oc siðan gengo þeir a konungs fund. For þa fram þetta sattmal. at þeir brøðr svorðo



konungi eiða. Þá leitaði þorbergr Steini settar við konung. Enn konungr sagði. at Steinn scylldi fara i friði fyrir honom hvert er hann villdi. en ecki mun hann með mer vera síðan segir hann. Þá foro þeir þorbergr ut til liðs síns. For þá Kalfr inn a Eggio. enn Finnur for til konungs. enn þorbergr oc annat lið þeirra for heim suðr. Steinn for suðr með sonom Erlings. Oc um varið snemma for hann vestr til Englanz oc síðan til handa Knuti enom ríka. oc var með honom lengi i goðo yfirlæti.

#### Fra Finni oc þori hvnd.

129. Þá er Finnur Arna son hafði litla rið dvaliz með Olafi konungi. var þat einnhvern dag at konungr callaði Finn til tals við sic oc enn fleiri menn. þá er hann var vanr at hafa við raðagiorðir sínar. Þá toc konungr til mals oc sagði sva. Su raðagiorð stadfestiz i scapli mer. at ec gæla i var at bióða ut leiðangri af landi avllo bæði at liði oc at scipum. oc fara síþan með her þann i mot Knuti enom ríka. þvi at ec veit um tilcall þat er hann hefir upp hafit til ríkis i hendr mer. at hann mon eigi gæla at hafa þat fyrir hegomamal. Nu er þer þat at segia Finnur Arna son. at ec vil at þu farir sendiferð mína norðr a Halogaland' oc hafir þar utboð. bióðir ut almenning at liði oc at scipum oc stefnir þvi liði til motz við mic til Agðaness. Síþan nefndi konungr aðra menn til oc senndi suma inn i þrandheim en suma suðr i land. sva at hann lét þetta boþ fara um land allt. þat er at segia fra favr Finnz. at hann hafði scuto oc a ngr .xxx. manna. Enn er hann var buinn. for hann ferþar sinnar til þess er hann com a Halogaland. þá stefndi hann þing við buenndr. bar þá vpp konungs eyrenndi oc crasði leiðangrs. Buenndr atto i herapi scip stor leiþangrsfor. scipuðuz þeir (við) orzenndingar konungs oc biqggo<sup>1</sup> scip sín. Enn er Finnur sotti norðr a Halogaland. þá atti hann þing. enn senndi menn sína fra ser at crefna utboðsins. þar er honom syndiz þat. Finnur sendi menn i Biarcey til þoris hunnz. lét þar crefna leiðangrs sem annars staðar. Enn er þori comu boð konungs. þá bioz hann til ferþar oc scipaði af huskavrllum sínom scip þat er haan hafði haft aðr um sumarit til Biarmalanz. bio hann með sínum eins costnaði. Finnur stefndi saman Haleygunum i Vagum qlum þeim er norðr voro þaðan. Como þeir saman vm varit (með) lið mikil. oc biðu allir til þess er Finnur com norðr. var þá oc þar cominn þorir hunndr. Enn er Finnur com. lét hann þegar blasa til husþings leiðangrsliði qlu. En a þvi þingi syndu menn vapn sín. sva var þá oc

<sup>1</sup>) r. f. biaggio

rannzakar utboð i hverri scipreiðu. Enn er þat var greitt. þa melli Finn. þic vil ec at þesso qveþia þorir hundr. hvert boð villtu biða Olafi konungi fyrir astavku Karla hirþmannz hans eða fyrir ran þat er þu toct se konungs norðr i Leingiovic. Nu hefi ec umboð konungs til þessa mals. en ec vil nu vita svavr þin. þorir litapez nu um oc sa til hvarrartveggio handor ser standa marga menn alvaprada. kenni þar Gunnstein oc siqlða annarra frenda Karla. þa melli þorir. Sciot ero boþ min Finn. at ec vil mal allt festa á konungs dom. þat er honom þyckir af við mic. Finn svarar. Hitt er nu venst. at þer sé minni virðingar af unnt. þvi at nu mun verþa festa minn dom a ef setlaz scal. þorir svarar. þa etla ec enn allvel comit. oc scal þat ecki undan draga. Geck þa þorir fram til festo oc scilþi Finn þat mal fyrir allt. Siþan sagþi Finn upp settina. at þorir scyldi gialda konungi .x. mercr gullz. enn Gunnsteini oc þeim frendum adrar .x. mercr. enn fyrir ran oc fescaða enar þriþiu .x. mercr. en giallda upp nu þegar. segir hann. þorir svarar. þetta er micit segiald. (Finnr segir.) Hinn er annarr costr at locit se sett allri. þorir melli. sagði at Finn myndi lia honom þeirra fresta at hann leitaði lana af sveitvngum sinum. Finn bað hann giallda þar i stað. oc þo vm fram at þorir scyldi fram selia menit þat et mickla er hann toc af Carla davðum. þorir qvez ecci men hafa tekil. þa geck fram Gunnsteinn oc sagði. at Carli hafði men a halsi þa er þeir scilþuz. en þa var a bravto er ver tocom lic hans. þorir segir at hann hefði ecki huga leitt of men þat. en þótt ver hefðim nocot men. þa mon þat heima liggia i Biarcey. þa setti Finn spiozodd fyrir briost þori oc melli. at hann scyldi þa fram selia menit. þorir toc þa menit af halsi ser oc selldi Finni. Siþan sneri þorir a bravt oc gecc ut a scip sitt. Finn gecc eftir honom ut a scipit oc mart manna með honom. Geco Finn eptir scipinu oc toco þeir upp rumin. enn við siglo sa þeir undir þilium niþri tunnor .ii. miclar sva at þeim þolli mikel furða at. Finn spurþi hvat i tunnm þeim var. þorir sagði at þar la i dryccr hans. Finn melli. Hvi gefr þu oss eigi at drecca felagsmavnnom. sva mikinn drycc sem þer hafit. þorir melli við mann sinn. at renna scyldi ór tunnonni i bolla. Siþan var þeim Finni gefit at drecca. oc var þat enn bezti dryccr. þa bað Finn þori reiþa seit. þorir geck eptir scipino fram oc apr oc talapi við menn ymsa. Finn callaði bað hann bera fram seit. þorir bað hann fara upp a land oc qvez þar myndo greiða. þa geck Finn a land upp oc hans menn. þa com þar þorir oc greiddi silfr. var þa reitt ór einom siod .x. mercr vegnar. þa let hann fram knytiscavta marga. voro i sumom mavrc vegin. sumom half eþa

avrar noccorir. Þorir melli. Þetta er lansfe er ymser menn hafa let mer. Þvi at uppi gta ec scotsilf(r) miqc þat er ec a. Siþan geck þorir a scip ut. Enn er hann com apt(r). reidi hann silfrit smam oc smam. Þa leið a daginn. Enn þegar er þingino sleit. þa gengo menn til scipa sinna oc biqggvz til bravtloqu. toco þa menn at sigla þegar er bunir voro. com þa sva at flestir menn havðo siglt. Sa Finnur þa at þyntiz hið vm hann. kavloðo menn þa a hann oc baðo hann verþa buinn. Var þa enn eigi greidr einn þriþiungr fiarins. þa melli Finnur. Seint gengr þorir greizlan. se ec at þer þyckir micit fyrir at greiða feit. scal oc nu kyrt lata vera fyrst. scalltu nu giallda konungi þat er eptir er. Stod þa Finnur up oc sneri þa a bravt. Þorir melli. Vel þycci mer þat Finnur at vit scilim. en vilia scal ec til hafa at giallda sculld þessa. sva at konungi þycci eigi vargolldit oc baðum ykr. Þa gecc Finnur til scip(s) sins oc sigldi fram eptir liði sino. Þorir varþ seint buinn or havfninni. Enn er segl þeirra com upp. þa helldo þeir ut um Vestfirð oc siþan a haf ut. oc sva suðr með landi at sgr var i miþium hliðom eþa stundum vatnaði land. let sva ganga suðr allt þar til er hann sigldi i Englanz haf oc com fram a Englandi. for siþan a fund Knuz konungs. oc toc hann vel við honom. Com þa þat up. at þorir hafpi þar of lavsafiur. hafði þar þat se allt er þeir havðo tecit a Biarmalandi hvarirtveggio oc Karli. enn i tunnum þeim onom miclom þa var þar botn scamt fra hinom botni. oc var þar milli dryckr. en tunnan sialf hvartveggi var full af gram scinnom oc biór oc safala. Var þorir þa með Knuti konungi. Finnur Arna son fór með lið þat til Olafs konungs. sagði honom allt fra ferþ sinni. oc sva þat at hann qvoz hyggia at þorir veri ór landi farinn oc vestr til Englanz a fund Knuz konungs. oc gta ec hann muno vera oss alloþarfan. Konungr segir. Trui ec þvi at þorir mun oss vera ovin. oc þycki mer hann avallt betri firr mer enn ngr.

#### Fra Asmundi Grankels syni.

130. Asmundr Grankels son hafði verit þann vetr a Halogalandi i syslo Finnz oc var heima með feðr sinum Grankeli. Þar liggr til hafs ut ver. er beði var sela at veiða oc fugla. eggver oc fiscever. en þat hafði legit at forno fari til bœiar þess er Grankell atti. En Harekr ór Þiotto veitti þar tilcall. var þa sva comit. at hann hafði haft af verino avll gavgn noccor misseri. en þa þottiz Asmundr oc þeir feðgar hafa travst af konungi til allra rettra mala. Foro þeir þa baðir feðgar of varit a fund Harecs oc sagði honom orð oc iartegnir Olafs

konungs. at Harecr scylldi lata af tilcalli of verit. Harekr svaraði því þungliga. sagði at Asmundr fór með slíco rogi til konungs oc avþro. hefi ec avll sannendi til mins mals. scyldir þv Asmundr kunna at gta þer hóf. þottu þyckiz nu micill fyrir þer. er þu hefir konungs travst. er sva oc ef þer scal lyða at drepa suma havsðingia oc at gera at obotamavnnom. en rena oss er enn þottumz fyrr meirr kunna at hallda til fullz. þo at oss vgeri iafnbornir menn. En nu er þat allfiarri at ier set iafnaðarmenn minir fyrir gttar sakir. Asmundr svarar. þess kenna margir af þer Harekr. at þu ert frendstorr oc ofreflismaðr. sitia margir of scavrþum lut fyrir þer. En þo er þat licligast. at þu Harecr verþir i annan stað til at leita at hafa fram oiofnuð en við oss. eþa taca sva miqc allaga sem þetta er. Scilþuz þeir siðan. Harekr sendi huscarla sina .x. eþa .xii. með' roðrarferio noccora micla. þeir foro i verit. toco þar allz conar veidifang oc loðu feriona. Enn er þeir voro þravt þvnr. þa com þar at þeim Asmundr Grankels son með .xxx. manna. oc bað þa lavst lata fang þat allt. Huscarlar Harecs svoroðo vm þat heldr obratt. Siþan veitto þeir Asmundr þeim atgavngo. kenndi þa liðs munar. voro huscarlar Harecs sumir barðir sumer sgrþir sumir a caf reknir. oc feingr allr borinn af scipi þeirra. oc havsðo þeir Asmundr þat með sér. Comu huscarlar Harecs heim við sva buit oc savgðu Hareki fra ferþ sinni. Harecr svarar. Tidendi þyccia nynemi avll. þetta hefir eigi fyrr gert verit at beria menn mina. Var þetta mal kyrt. oc lagði Harecr eigi orð i oc var enn calasti. Harecr lét bua um varit sneckio tvitogsesso oc scipaði huscavrlom sinum. oc var þat scip allvel buit þgði at mavnnom oc avllom re(i)ða. Fór Harekr vm varit i leiðangr. Enn er hann fann Olaf konung. þa var oc þar fyrir Asmundr Grankels son. þa com konungr a stefnolagi með Asmundi oc Hareki. oc sgtli hann þa. var festr a konungs domr. Siþan let Asmundr flytia fram vitni til þess at Grankell hafði att verit. dæmþi konungr eptir því. Voro þa scavck malæfni. vrðo bótalavsir huscarlar Harecs. en dæmt verit til handa Grankeli. Harekr segir at honom var scamlavst at hlita konungs domi hverngan veg er mal þat scapaðiz siðan.

#### Fra þoroddi Snorra syni.

131. Þoroddr Snora son hafði dvalz i Noregi at raði Olafs konungs. þa er Gellir þorkels son secc leyfi at fara til Jslandz. sva sem (fyrr) var ritat. oc var hann þa með Olafi konungi oc unði illa ufrelsi því. er hann scyldi eigi fara ferþa sinna þangat er hann villdi. Avnd-

verþan veit þan er Olafur konungur sat i Níðarosi. lýsti konungur því at hann vill menn senda til Jamtalandz at heimta scatt. en til farar þeirrar voro menn ufusir. því at af lífi voro tennir sendimenn Olafs konungs þeir er hann hafði fyrr sent (með) þrandi hvíta oc þeir .xii. saman. sva sem fyrr var ritat. oc hafðu Jamtr halldiz síðan i lýðscýldo unndir Svía konung. þorodr Snora son bauz til þeirrar farar. því at hann hirþir þa litt hvat yfir hann gecc. ef hann fœri sialfræði. þat þekþiz konungur. oc foro þeir þorodr .xii. saman. þeir comu fram avstr a Jamtalandi oc sotto heim þann mann er þorarrinn er nefndr. hann var þar lavgmaðr oc metordamaðr mestr. þeir fengu þar gøðar viðtœcur. Enn er þeir hafðu þar dvalz lilla hriþ. þa þoro þeir up eyrendi sin fyrir þorarr. Hann segir at fyrir þeim svorom reþu avgum mun miðr en hann aðrir launsmenn oc havþingiar. oc qvæð þings scýlldo til qveþia. Var sva gort at þingboð var up scorit oc stefnt þing siolment. For þorarrinn til þings. en sendimenn dvavþuz meðan at hans. þorarr bar up mal þetta fyr alþýðo. en þat com samt með þeim avllom. at þeir villdo eingi scatt gialda Noregs konungi. enn sendimennina villdo sumir hengia lata. en sumir lata hafa til blotz. En hitt var af radit. at þeim scýldi hallda þar til þess er þar kœmi systlomm Svía konungs. scýlldo þeir þa stafa fyrir þeim slict er þeir villdi með radi lannzmannna. en gera hitt yfirbragð á. at sendimenn vœri vel halldnir oc þeir fyrir því dvaldir. at þeir scýlldi scatzens biða. oc scýldi scipta þeim a vistir .ii. oc .ii. saman. þoroddr var með annan mann at þorars. þar var iolaveitzla micil oc samburþaravil. Margir voro buendr þar i þorþino oc drucku þeir allir samt um iolin. Annat þorþ var þaþan scamt. þar bio magr þorars ricr oc avðigr. hann atti son roscinn. þeir magar scýlldo drecka half iol at hvars þeirra oc fyrr at þorars. þeir magar drvckuz a. en þorodr oc buanda son. oc var capdryckia. oc um qvelldit kapmœli oc manniqfnuðr með Norðmavnnom oc Svíom. oc því næst um konunga þeirra bæði þa er fyrr hafðu verit oc þessa er nu voro. oc sva þav scipti er verit hafðu landa i milli i manndrapom oc ranom þeim er verit hafðu milli landa. þa mœlti buanda son. Ef varir konungar hafa fleiri menn latit. þa muno systlomm Svía konungs iafna þat með .xii. manna fiorvi. þa er þeir comu sunnan eptir iol. oc vituð er ogerla veslir menn til hvers er (e)rot dvaldir. þorodr hugsaði sitt inal. oc margir drogo glott at oc fundu þeim hueyxliryði oc konungi þeirra. For þat þa oleynt er avl mœlti með þeim Jamtom. er þorodr hafði aðr ecki grvnað. Eptir um dag toco þeir þoroddr avll clœði sin oc vapn oc lavgðo ser til handargagns. Eptir of nottina er menn voro

sofnadir. liopo þeir bravt til scogar. Um morgininn eptir er menn urðo varir við bravthlavp þeirra. foro menn eptir þeim með sporhunda oc hitto þa i scógi. er þeir havðu folgiz. oc havðu þa heim oc i scemmo. þar var gravf divp. voro þeir þar i latnir oc hurð læst fyrir. havðu þeir litinn mat oc engi clęði nema sin. Oc er como mið iol. for þorarr oc allir frelsingar með honom til mags sins. scylldi hann þar drecka enn øfra lut iolanna. þręlar þorars scylldo gęta grafarennar. En þeim var dryccr ęllaðr þa gnogr. en þeir stillto litt dryck(i)unni oc giorþu sic avloða þegar of qvelldit. Enn er þeir þottuz fulldrucnir. þa męlto þeir sin i milli er mat scylldo sora grafarmavnnom. at þa scylldi ecki scorta. þoroddr qvað qvęði oc scemti þrelonum. en þeir qvaþo hann myndo vera virþamann oc gafu honom kerti miqc mikit oc log á. þa como þeir þręlarnir ut er aðr voro inni. oc cavlluþu acafliga at hinir scylldi inn fara. En þeir voro hvarirtveggio avlodir. sva at þeir lucu hvarki aptr gravfina ne scemmona. þa ristu þeir þorodr i sunndr i streingi felldi sina oc knyttlo saman oc giorðu noða af enndanum oc cavstuðo vp a scemmogolfit. þat vasðiz of avrku fot einn oc varþ fast. þeir leituðu þa til upp at fara. lysti þoroddr favronavt sinum up til þess er hann stoð á avxlum honom. siþan las hann sic up i gavgnum glugginn. þa scorti eigi reip i scemmunni. oc let hann þa ofan siga moti þoroddi. Enn er hann scylldi draga þoroddr up. þa fecc hann hvergi comit honom. þa męlti þoroddr. at hann (scylldi) casta reipino yfir bita þann er var i husino en gera lyckio a endanum. bera þar i viðu oc griot. sva at þat vęri meirr en iafnvęgi hans. Hann gerþi sva. foro þa sigin ofan i gravfina en þorodr up. þeir toco ser þar clęði i scemmunni sem þeir þurplu. þar voro inni hrei(n)staveur noccorar. oc scaro þeir af fitiarnar oc bunndo avfgar unndir sotr ser. En aðr þeir sori bravt. þa lavgþu þeir elld i cornhlavþu micla er þar var. oc hliopo siþan bravt i niþamyrkri. Hlaþan brann oc mart annarra husa i þorpino. þeir þoroddr foro alla nott a eyðimerer en saluz at degi. Of morgininn var sacnat þeirra. var þa farit með sporhunda at leita þeirra alla vega fra bönum. En hundarnir raveþu sporit aptr til þoiarins. þvi at þeir kenndo af hrei(n)sftionum oc raveþo þangat sporit sem clavfirnar havðu vitat af hrei(n)sftionum. oc varþ ecki leitat þeirra. þeir þorodr foro lengi a eyþimavrcom oc como eiþt qvelld at litlum husaðo oc gengo þar inn. þar sat inni karlmaðr oc cona við elld. nefndiz hann þorir. en sagði at su var cona hans er þar sat. oc sva at þav atto husacot þav. bavð buandi þeim þar at vera. en þeir þago þat. Hann sagði þeim. at þvi var hann þar cominn. at hann hafði flyit

or bygðinni fyrir viga sacar. Var þeim þorodi unninn goðr beini. mavtuðuz þav avll við elldinn. Síþan var buit um þa þorod þar i seti. oc laugþuz þeir til svefns. En þa var enn logi a elldinum. þa sa þorodr at þar gecc fram maðr ór avþru husi. oc hafði hann engi mann set iafnmikinn. Sa maðr hafði scallaz clęði buin gullhlayðum oc var enn vegligsti synum. Þorodr heyrði at hann avitaði þav of þat. er þav toco við gestom. er havðo varliga ser matbiorg. Hvsfreyia svarar. Verðu eigi reiðr broþir. sialldan hefir þetta at moti borit. Villtu veita helldr þeim noccora gagnsmuni. þotti mer þat rað. þvi at þu ert betr til ferr en vit. Þorodr heyrði þann micla mann nefndan Arnliot gellina. oc sva a(t) husfreyia var systir hans. Þorodr hafði heyrð getit Arnlioz. oc þar með at hann var enn mesti stigamaðr oc illvirki. Svaso þeir þorodr um nott. þvi at þeir voro mæddir aðr af gavngo. Enn er lifa myndi þriþiungr nętr. þa com þar Arnliotr. bað þa up standa oc buaz serþar sinnar. þeir þorodr stoðo þegar up oc clędduz. var þeim gefinn daggurþr. Síþan secc þorir þeim scið hvar-umtveggia. Arnliotr rez til serþar með þeim. steig hann a scið. voro þav bęði breið oc lavng. En þegar er Arnliotr lavst við geislinum. þa var hann hvar fiarr(i) þeim. þa beið hann oc męlti. at þeir myndi hvergi comaz at sva buno. bað hann þa stiga a sciþin með ser. þeir gorðu sva. fór þoroddr nęrri honom oc hellt ser unndir belti Arnlioz. en fornavtr þorodz hellt honom. Screið Arnliotr þa sva hart sem hann fęri lavss. þeir como til salv(huss) noccors er þriþiungr var af nott. drapu þeir ser þar elld oc bioggu til matar. Enn er þeir mavtuðuz þa męlti Arnliotr. bað þa øngo niðr casta af matnum hvarki beinom ne mola. Arnliotr toc ór secc sino(m) silfrdisc einn oc mataðiz hann þar af. Enn er þeir mavtuðuz oc voro mettir. þa hirði Arnliotr leifar þeirra. Siðan biogguz þeir til recna. J annan enda hvssins var lopt uppi a þvertriam. foro þeir Arnliotr up a loptit oc lavgþuz þar til svefns. Arnliotr hafði havggspiot mikit. oc var falrinn gullrekinn. en scaptit sva at toc hendi til fals. en hann var sverþi gyrðr. þeir havðo bęði vapn sin oc clęði uppi a loptino hia ser. Arnliotr bað þa vera hlióðsama. hann la fremstr a loptinu. Littu siðarr comu þar til hussins menu .xii. voro þat cavpmenn. foro þeir til Jamtalanz með varning sinn. Enn er (þeir) comv i husit. giorðu þeir um sic glavam mikinn oc voro catir. gorðu fyrir ser ellda stora. Enn er þeir mavtuðuz. þa cavstuðu þeir ut beinom avllum. Síþan biogguz þeir til recna oc lavgðuz niðr i seti þar við elldinn. Enn er þeir havðo litla hrið sofit. þa com þar til hussins trollecona mikil. Enn er hon com inn. sopaðiz hon um fast. toc beinin oc allt þat er

henni þótti eitt oc slo i mvnn ser, síþan greip hon mann þann er nęstr henni var. reif oc sleit allan (oc) castaði a elldinn. Þa vavkn- uðo þeir, aþrir oc við illan dravm oc liopo up. enn hon sörði<sup>1</sup> til heliar hvern at avþrom. sva at einn var eptir a lifi. Liop sa innar undir loptit oc callaði til hialpar ser. ef naccvat veri þess i loptino at honom myndi duga. Arnliotr seilldiz til. toc i herþar honom oc kippi up i loptit. Þa sloz hon fram at elldinum oc toc at eta menn þa er steicþir voro. Þa stoð Arnliotr up oc greip spiot sitt oc setti milli herþa henni. sva at ut liop oddrinn um briostið. Hon braz við hart oc qvað við illiliga oc liop ut. Arnlioti varþ lavst spiotit. oc hafði hon þat með ser a bravt. Arnliotr gecc til oc ruddi vt hręun manna. setti fyrir scalann hurþ oc getti. þvi at hon hafði þat allt fra brotit er hon liop ut. Svafo þeir þa þat er eptir var nętrinnar. Enn er lysti. stoðo þeir upp. atu þa fyrst mat sinn. Enn er þeir havðu mataz. męlti Arnliotr. Nu mun(u) ver her sciliaz. scołoð er nu fara eptir acbravt þessi. er þeir foro i ger hingat kavpinenninir. enn ec vil leita spioz mins. Mon ec hafa at vercavpi þat er mer þykcir fenytt af fe þvi er þessir menn hata att. Scalltu þorodr bera qveþio mina Olafi konungi. oc seg honom þat at hann er sva maðr at mer er mest forvitni a at hitta. en qveþia min mun honom þykia enscis verþ. Toc hann up silfrdiscinn oc strave með ducnum oc męlti. Fөрþu kon- ungi disc þenna. seg at þat er qveþia min. Síþan biogguz þeir til ferþar hvarirtveggio. oc scilþuz þeir at sva luno. Fөр þorodr oc þeir forunavtar oc sva sa maðr er undan hafði comiz af þeim for- unavtum cavpmavnnum. Fөр þorodr til þess er hann fann Olaf kon- ung i cavpangi. oc sagði honom allt fra ferþum sinom. bar honom qveþio Arnlioz oc sörþi honom silfrdisc. Konungr segir. at þat var illa er Arnliotr hafði eigi farit a hans funnd. oc er scaði mikill er sva illt scylldi leggiaz fyr sva goðan dreng oc merkiligan mann. þoroddr var síþan með Olafi konungi þat er eptir var vetrar. oc fecc þa leyfi af honom at fara til Jslandz um sunarit eptir. Scilþuz þeir Olafr konungr þa með vinatto.

#### Fra leiðangrs ferð Olafs konungs.

132. Olafr konungr bioz um varit ór Niðarosi. oc droz lið at honom mikit beði þar ór þrandheimi oc sva norþan or landi. Enn er hann var buinn ferþar sinnar. þa for hann með lipino fyrst suðr<sup>2</sup> a Møri oc heimti þar saman leiðangrs lið oc sva or Ravmsdal. Síðan

<sup>1</sup>) r. f. forði <sup>2</sup>) r. f. sunnan



for hann a Sunnimeri. Hann la lengi i Hereyiom oc beið (liðs) sins. atti þa optlega husþing. com þar mart til eyrna honom. þat er honom þotti umraða þurfa. þat var a einu husþingi er hann atti. at hann hafði þat mal i munni. sagði fra mannscaða þeim er hann hafði latit af Føreyiom. enn scattr sa segir hann er þeir hafa mer heitit. þa komr ecki fram. Nu gta ec enn þangat menn at senda eplir scattinum. Veyc konungr þessu mali til ymissa manna nacqvát. at til þeirrar ferþar scylldu raðaz. En þar comu þav svavr i mot. at allir menn tavlþuz undan forinni. þa stoð up maðr a þingino mikill oc allvavrpuligr. sa hafði ravþan kyrtill hialm a havði gyrðr sverþi havggspiot mikit i hendi. hann toc til mals. þat er salt at segia qvað hann. at her er mikill munr manna. er hafit konung goðan en hann drengi illa. er neiqveþit senndiferþ eina er hann byþr yðr. en þegit aðr af honom vingiafar oc marga sòmilega lvti<sup>1</sup>. En ec hefi verit her til engi uin konungs þessa. hefir hann oc verit uvin minn. telr hann at sacar se til þess. Nu vil ec bioða þer konungr at fara ferþ þessa. ef ecki ero villdari song a. Konungr svarar. Hverr er þessi maðr enn drengiligi er svarar mali mino. Giorir þu mikinn mun avþrvm mavnaom þeim er her ero. er þu byðz til ferþar. en þeir tavlðuz vndan er ec hugða at vel myndi hafa viðr scipaz. En ec kann a þer engi deili oc eigi veit ec nafn þitt. Hann svarar sva. at nafn mitt er ecki vant konungr. þess er mer vqn at þu mynir mic heyrta hafa nefndan. ec em callaðr Karl mørsai. Konungr svarar. Sva er þat Carl. heyr (hefi) ec þic nefndan fyrr. oc er þat salt at segia. at verit hafa þer stundir ef sunndi oca hefði saman borit. er þu myndir ecki cunna segia fra tiðendum. Enn nu vil ec eigi verr hafa en þu. er þu byðr mer liþsemþ þina. at leggja eigi þar at móti þavc oc avfuso. Scalltu Karl coma til min oc vera i boði mino i dag. scolo við þa røða þetta mal. Karl segir at sva scylldi vera.

#### Fra Carli mørsca.

133. Karl enn mørsai hafði verit vikingr oc enn mesti ransmaðr. oc hafði konungr niqc opt gerva menn til hans oc villdi hann af lifi taca. En Carl var maðr gætstorr oc mikill athafnarmaðr. iþrottamaðr oc atgervimaðr of marga luti. Enn er Karl var raðinn til ferþar þessar. þa toc konungr hann i sætt oc því næst oc i kerleic. let bua ferþ hans sem bezl. voro þeir a scipino ner .xx. menn. Konungr gerþi orðsendingar til vina sinna i Føreyiar. sendi Karl til halldz oc travz

<sup>1</sup>) r. f. lyti

þar er var Leifr Avzurar son oc Gilli lqgsavgomaðr. sendi til þess iartegnir sínar. For Karl þegar er hann var buinn. byriápi þeim vel oc como til Fereyia oc lav(g)ðu i þorshavn i Stravmsey. Síþan var þar þing stefnt oc com þar fiolment. þar com þrandr or Gavtu með flocc mikin. þar com oc Leifr oc Gilli. hafðu þeir oc fiolmenni mikit. Enn er þeir hafðu tialldat oc umbuiz. þa gengo þeir til fundar við Karl mørsca. voro þar qveþior goðar. Síþan bar Karl fram orð oc iartegnir Olafs konungs oc ummæli til þeirra Leifs oc Gilla. þeir toco þvi vel oc buðu Karli til sin oc at flytia ørendi hans oc veita honom slict travst sem þeir hefði favng a. Hann toc þvi þaksamliga. Lillo síðarr com þar þrandr oc fagnaði þeim vel Karli. Ec em sagði hann feginn orðinn. er slier drengr hefir comit hingat til landz vars með eyrendi konungs vars. er ver erom allir scylldir til unndir at standa. Vil ec ecki annat Karli en þu farir til min til vetrvistar. oc þat með þer þins liðs allt er þinn vegr veri þa meiri en apr. Karl svarar. at hann var aðr raðinn at fara til Leifs. en ec mynda elligar segir hann fusliga þiggia þetta boð. þrandr svarar. þa mun Leifi avðit vegsmuna af þessu. enn ero noccorir aðrir lutir þa. þeir er ec mega sva gera at yðr se<sup>1</sup> liðsemp at. Karl svarar. at honom þotti micit i veitt. at þrandr drøgi saman scattinn um Austrey oc sva of allar norðreyiar. þrandr segir at þat var scyllt oc heimillt. at hann veitti þann beina at eyrendi konungs. Gecc þrandr þa apr til buþar sinnar. Varð a þvi þingi ecki fleira til tiþenda. For Karl til vistar með Leifi Avzurar syni oc var hann þar of vetrinn eptir. Heinti Leifr scatt saman af Stravmsey oc of allar eyiar suðr þaþan. Vm varit eptir fecc þrandr or Gavto vanheilso mikla. hafði avgnapunga oc þo enn cramar aðrar. en þo bioz hann at fara til þings sem vanndi hans var. Enn er hann com a þingit oc buð hans var tiqllduð. þa let hann tiallda unndir svavrtum tiqlldum innan af. til þess at þa vgr síðr scirdrept. Enn er dagar noccorir voro liðnir af þingino. þa ganga þeir Leifr oc Karl til buðar þrandar oc voro fiolmennir. Enn er þeir coma at buðinni. þa stoðo þar uti noccorir menn. Leifr spurði hvart þrandr vgr inni i buðinni. þeir savgðu at hann var þar. Leifr mælti at þeir scylldu biðia þrand ut ganga. eigu vit Karl eyrendi við hann. segir hann. Enn er þeir menn comu apr. þa savgðu þeir at þrandr hafði þann avgnaverc. er hann matti eigi út coma. oc bað hann Leifr at þu scylldir inn ganga. Leifr mælti við foronavta sina. at þeir scylldi fara varliga er þeir kœmi i buðina. þreyngvaz eigi. gangi sa fyrstr út er síðarst gengr inn. Leif(r) gecc fyrst inn. en þar næst

<sup>1</sup>) r. f. re

Karl. þa hans foronavtar. oc fero með alvæpni sem þa at þeir scylldi til bardaga buaz. Leifr gecc innar at enum svavrtum liqldum. spurði hvar þrandr væri. þrandr svarar oc heilsaði Leifi. Leifr toc qveþio hans. spurði síðan hvart (hann) hefði naccqvarn scatt heimt um norðreyiar. eþa hverr greiði þa myndi a vera of silfrit. þrandr svarar. sagði at eigi hafði honom þat ór hvg horfit. er þeir Karl hafðu røtt. oc sva at greiði myndi a verþa vm scattinn. her er síoðr Leifr er þu scallt við taca oc er fullr af silfri. Leifr saz um oc sa fatt munna i hvðinni. lago menn i pavllonom en faer sato up. Síðan gecc Leifr til þrandar oc toc við síoðinum oc bar utar i buðina. þar er liost var. oc steypði silfrino ofan a sciqlld sinn. rotaði i hendi sinni oc mællti. at Karl scylldu sia silfrit. þeir lito a um stund. þa spurði Karl hvernig Leifi syndiz feit. Hann svarar. þat hygg ec at hverr sa penningr er illr er i norðreyiom at her myni cominn. þrandr heyrði þetta oc mællti. Syniz þer eigi vel silfrit Leifr. Sva er segir hann. þrandr mællti. Eigi ero þeir meðalmanniþingar frendr varir. er þeim ina til enskis trva. ec hefi sent þa i var at heimta scatt norðr i eyiar. ec var at engo færr i vár. en þeir hafa tecit mutor af bvavndom at taka fals slict er eigi þyccir gialldgengt. oc er hitt vænst Leifr at sia þetta silfr er gollbiz hefir i landscylldir minar. Bar Leifr þa apr silfrit en toc við síoðr avþrom oc bar þann til Karls. rannsacvæþo þeir þat fe. Spurði Karl hverso Leifi syndiz þetta fe. Hann sagði at honom þotti þetta fe vant. oc eigi sva at um þer sculldir er uvandliga var fyrir mællt. at eigi yrði sli(c)t þa tekil. en eigi vil ec þetta fe konungi til handa taca. Maðr einn sa er la i pallinom kastaði felldi af hafði ser oc mællti. Satt er et fornqveþna. sva ergiz hverr sem elldiz. sva er þer oc þrandr. lætr Karl enn mærsca reca fe fyrir þer i dag allan. þar var Gavtr enn ravþi. þrandr liop up við orð Gavtz oc varþ malóði. veitti þeim atavlor frændom sinom. en at lycþum mælti hann. at Leifr scylldi selia honom þat silfr. en tac her við síoðr er landbuar minir hafa fært mer heim i var. en þott ec sia vsacygn. þa er þo sialf havnd hollost. Maðr reis vp við avlboga er la i pallinom. þar var þorðr inn lagi. hann mællti. Eigi liotu ver meðalorðascac af honom Mærakarli. oc væri hann lavna fyrir verðr. Leifr toc við síoðnum oc bar enn fyrir Karl. sa þeir þat fe. mællti Leifr. Ecci þarf lengi at sia a þetta fe. her er hverr penningr avþrom betri. oc viliom ver þetta fe hafa. sa þu þrandr til mann at sia reizlor. þrandr svarar. at honom þotti þa bazt til fengit. er Leifr sęi fyrir hans hqnd. Gengu þeir Leifr út oc scamt fra buþinni. settuz þa niðr oc reiddu þa silfrit. Karl toc hialm af hafði ser oc hellti þar i silfri þvi er

vegitt var. þeir sa mann ganga hia ser oc hafði refði i hendi havtt síþan a havfþi heclo grøna berföttr. knytt linbrocum. hann setti niþr refðit i vavll oc gecc fra (oc melltí). Seþu við Mørakarl at þer verþi eigi mein at refði minu. Litto síþar com þar maðr lavpandi oc callaði acafliga a Leif Avzurar son. bað hann fara sem sciotast til buðar Gilla lavgsögumannz. þar liop inn of tialldscarar Sigurðr þorlacs son. oc hefir serðan buþarmann hans til olifis. Leifr liop þegar up oc gecc a bravt til sunndar við Gilla. gecc með honom allt buðarlið hans. en Karl sat eptir. þeir avstmenninir stoðu i hring um hann. Gavtr ravði liop at oc hio með handeyxi yfir herþar mavnnoim. oc com havgg þat i havfuð Karli. oc var sar þat ecki mikitt. Þorðr lagi greip up refðit er stoð i vellinum oc lustr a ofan avxarhamarinn. sva at avxin stoð i heila. Þusti þa siqldi manna út ór buð þrandar. Karl var þaðan davðr borinn. Þrandr lét illa yfir verki þesso oc bavð þo fe til sátta fyrir frendr sina. Leifr oc Gilli gengo at eptirmali. oc com þar eigi febotum fyrir. varð Sigurðr utlagr fyrir averca þann er hann veitti buðnavt Gilla. en þorðr oc Gavtr syr vig Karls. Avstmenn bioggu scip þat er Karl hafði haft þangat oc forð avstr a fund Olafs konungs. En þess varþ eigi avðit at Olaf konungr hefndi þessa við þrand eþa frendr hans. fyrir þeim ufriþi er þa hafði gorz i Noregi oc enn mvn<sup>1</sup> verþa fra sagt. Oc er nu lokitt at segia fra þeim tíþendum er urðo af því er Olaf konungr heimti scatt af Føreyiom. En þa gorþuz deilor síþan i Føreyiom eptir vig Karls mørsca oc altuz þa við frendr (þrandar) ór Gavto oc Leifr Avzurar son. oc ero fra því storar frasagner.

(Fra leiðangri Olafs konungs).

